

# ÁRSSKÝRSLA 2002

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR  
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA  
FEBRÚAR 2003



Sérstök veðrun á stuðlabergi í Purkey. Brýnt er að rannsaka og skrá jarðmyndanir og landslagsgerðir.

## **Skýrsla Breiðafjarðarnefndar til umhverfissráðherra fyrir árið 2002**

Breiðafjarðarnefnd starfar samkvæmt skipan umhverfissráðherra í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd áður nefndra laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfissráðherra árlega skýrslu um störf sín. Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi.

### **Skipan Breiðafjarðarnefndar**

Breiðafjarðarnefnd sú sem nú starfar var skipuð með bréfi, dags. 9. júní 2000 og skipa eftirtaldir fulltrúar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Hilmar Össurarson, bóndi.
- Jóhannes G. Gíslason, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Trausti V. Bjarnason, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Ævar Petersen, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Þjóðminjaráði, til vara Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur.
- Ritari nefndarinnar er Sigríður Elísabet Elísóttir.

Engar breytingar urðu á nefndinni á árinu.

### **Störf nefndarinnar**

Breiðafjarðarnefnd hélt sex nefndarfundi á árinu 2002 og voru þeir allir haldnir í Stykkishólmi. Í tengslum við 35. fund nefndarinnar þann 8. október 2002 var haldinn fundur með fulltrúum frá sveitarfélögunum við Breiðafjörð, Skipulagsstofnun, Landmælingum Íslands og umhverfissráðuneyti um skipulagsmál Breiðafjarðarsvæðisins. Auk þessa voru haldnir smærri vinnufundir er þurfa þótti.

### **Kostnaður við störf nefndarinnar**

Á fjárlögum ársins 2002 hafði Breiðafjarðarnefnd 3,6 millj. kr. til ráðstöfunar, en árin þar á undan hafði nefndin á fjárlögum 1.5 millj. kr. Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar neikvæð um 580.000 kr. og var því ráðstöfunarfé ársins í raun 3.020.000. Þess má geta að útgjöld vegna þjónustusamnings við Náttúrustofu Vesturlands voru á árinu tæplega 1100 þús. kr. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir

útlagðan kostnað nefndarinnar árið 2002. Í viðauka I er greinargerð Breiðafjarðarnefndar með fjárlagatillögum fyrir árið 2003.

#### Útlagður kostnaður Breiðafjarðarnefndar árið 2002:

Útgefin fjárheimild ársins	3.600.000
Ofnýtt frá 2001	-580.000
	<b>3.020.000</b>

Fjárheimild ársins	3.020.000	
Nefndarseta og lokauppgjör fyrri ára við nefndarmenn		918.242
Launatengd gjöld		129.972
Viðbótariðgjald í lífeyrissjóð		14.907
Skrifstofuvörur		4.141
Fundagjöld		18.720
Fargjöld innanlands		60.000
Dagpeningar innanlands		282.400
Starfsmannabifreiðar		689.515
Tölvuvinnsla		16.539
Prentun, fjölrítun, bókband, ljósritun		22.663
Önnur þjónusta (Náttúrustofa Vesturl.)		1.081.306
Önnur opinber gjöld (kennitala)		5.000
Önnur opinber gjöld til ríkisins		36.883
<b>Samtals</b>	<b>3.020.000</b>	<b>3.279.468</b>
<b>Ofnýtt á árinu 2002 - kr.</b>	<b>259.468</b>	

Eins og fyrr er heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2002 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega allmikill ferðakostnaður. Á árinu var gert upp við nefndarmenn, lokauppgjör vegna fundarsetu tímabilsins frá október 1998 og út árið 2000. Einnig var gerð upp þóknun vegna fundarsetu ársins 2001.

#### Starfsemi á árinu 2002

Á árinu fjallaði Breiðafjarðarnefnd um ýmis mál og varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í viðauka IV. Helstu afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í viðauka III.

- ❑ Þorskeldi í sjónum úti fyrir bænum Þingvöllum, Helgafellssveit
- ❑ Sjóvarnir við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna í Flatey, Reykhólahreppi.
- ❑ Sjókvíaelði Guðmundar Runólfssonar hf., Grundarfirði
- ❑ Umsögn um stjórnsýslukærur vegna úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit
- ❑ Umsókn um leyfi til nýbyggingar á jörðinni Efri-Langey, Dalabyggð

### **Háhyrningurinn Keikó**

Í lok ársins 2001 kom fram hugmynd um að flytja háhyrninginn Keikó inn á verndarsvæði Breiðafjarðar. Afgreiðsla þess máls var tekin fyrir í byrjun ársins 2002. Eins og kunnugt er varð flutningur Keikós til Stykkishólms ekki að veruleika.

### **Reglur um feril mála vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa**

Breiðafjarðarnefnd vann á árinu að gerð reglna um feril mála og sjónarmið við um-sagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar. Reglurnar voru bornar undir Skipulagsstofnun og umhverfissráðuneytið en nefndin samþykkti reglur þessar fyrir sitt leyti á 33. fundi, þann 6. júní 2002. Reglurnar eru kynntar í *viðauka II*, en þær voru sendar Skipulagsstofnun, byggingarfulltrúum og sveitarstjórnnum sveitarfélaganna við Breiðafjörð.

### **Friðlýsing þorpsins í Flatey**

Enn á ný tók nefndin upp tillögu sína frá árinu 1999 um möguleika á friðlýsingu þorpsins í Flatey í sinni heilstæðu mynd. Bent hefur verið á hverfisvernd í því sambandi en þá þarf að taka til endurskoðunar skipulag eyjarinnar og hefur það nokkurn kostnað í för með sér fyrir viðkomandi sveitarfélag. Á fundi nefndarinnar þann 5. september var samþykkt að óska eftir því við menntamálaráðuneytið að sett verði í reglugerð vernd menningarsögulegra minja í Flatey, sbr. 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

### **Heimasíða Breiðafjarðarnefndar**

Breiðafjarðarnefnd ákvað á árinu að koma sér upp heimasíðu og er síðuna að finna á slóðinni [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is). Ritari nefndarinnar, Sigríður Elisabet Elisdóttir á veg og vanda að uppsetningu síðunnar og innsetningu á efni. Einnig sér hún um alla uppfærslu á síðunni. Á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar má m.a. nálgast fundar-gerðir og ársskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, ýmsar upplýsingar og annan fróðleik.

### **Rannsóknir og starfsemi á verndarsvæði Breiðafjarðarnefndar**

Á Breiðafirði eru stundaðar margvíslegar rannsóknir og starfsemi. Breiðafjarðarnefnd ákvað að leita til viðkomandi stofnana til þess að hafa yfirlit yfir rannsóknir og aðra starfsemi á verndarsvæðinu á árunum 2002 og 2003. Fjöl margar stofnanir höfðu svarað erindi nefndarinnar í árslok og er hægt að nálgast lista yfir þær rannsóknir/verkefni sem Breiðafjarðarnefnd hefur fengið upplýsingar um á heimasíðu nefndarinnar.

### **Skipulagsmál**

Breiðafjarðarnefnd hefur lagt á það áherslu að verndarsvæðið verði skipulagt sem ein heild. Í verndaráætlun er gert ráð fyrir sérstöku skipulagi fyrir Breiðafjarðarsvæðið, þar sem verndarsvæðið nær til margra sveitarfélaga. Við rökstuðning fyrir sérstöku svæðisskipulagi hefur verið horft til svæðisskipulags miðhálandisins. Þar sem nefndin telur brýnt að komið verði af stað undirbúningsvinnu við skipulagsgerð fyrir verndarsvæðið sótti formaður nefndarinnar fundi í umhverfissráðuneytinu með Ingimar Sigurðssyni skrifstofustjóra skrifstofu náttúruverndar og lífsgæða. Í framhaldi mætti Ingimar Sigurðsson á fund

nefndarinnar þann 5. september og kynnti hugmyndir ráðuneytismanna varðandi skipulagsgerðina.

Breiðafjarðarnefnd leitaði til sérfræðinga á sviði skipulagsmála og skrifaði sveitarstjórnnum við Breiðafjörð og óskaði álits þeirra á sameiginlegu svæðis-skipulagi. Í framhaldi var ákveðið að halda fund með sérfræðingum og sveitarstjórnarmönnum til þess að ræða skipulagsmál á verndarsvæði Breiðafjarðar. Auk sveitarstjórnarmanna mættu á fundinn Gísli Gíslason landslagsarkitekt, en hann vann m.a. svæðisskipulag fyrir Dalasýslu og Reykhólahrepp, Stefán Thors, skipulagsstjóri, Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands og Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstöðumaður kortasviðs og Ingimar Sigurðsson, umhverfisráðuneyti. Umfjöllun um fundinn, sem haldinn var 8. október, er að finna í *viðauka IV*.

### **Önnur mál**

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust. Nánari upplýsingar um þau er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar.

### **Fræðsluerindi og kynningar**

Ásgeir Gunnar upplýsti um fornleifaskráningu sem fram fór sumarið 1999 og fyrirhugaðan uppgröft í Bjarneyjum. Áætlað er að 6 menn frá þremur þjóðlöndum ynnu við uppgröft í 6 vikur sumarið 2002. Stjórnandi verkefnisins verður Reithars Bertelsens við Háskólann í Tromsø.

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands kynnti verkefnið BIOMARE sem er skrá yfir merk sjávar- og strandsvæði í Evrópu. En lagt hefur verið til að setja Breiðafjarðarsvæðið á skrána.

Ævar Petersen, forstöðumaður Reykjavíkurstofu Náttúrufræðistofnunar Íslands flutti norskt erindi um áhrif þaraskurðar á fuglalíf.

Jörundur Svavarsson, prófessor við Líffræðiskor Háskóla Íslands kynnti BIOMARE-verkefnið og bók þar sem verður að finna upplýsingar um hvert sjávar- og strandsvæði sem valið hefur verið á skrá.

### **Breyting á stjórnáslumálum**

Á vordögum voru samþykkt á Alþingi lög um Umhverfisstofnun. Á haustdögum bárust Breiðafjarðarnefnd upplýsingar um að frá og með 1. janúar 2003 ætti Umhverfisstofnun að afgreiða allar leyfisveitingar innan verndarsvæðisins. Fulltrúi umhverfisráðuneytisins, Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri skrifstofu náttúruverndar og lífsgæða, mætti á fund Breiðafjarðarnefndar og kynnti lagabreytinguna. Í erindi Ingimars kom m.a. fram að öll stjórnáslá á náttúruverndarsviði yrði í höndum umhverfisstofnunar og það kallaði á breytingar á 2. og 3. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Breyting þessi hefur það í för með sér að Breiðafjarðarnefnd verður ráðgjafandi aðili fyrir Umhverfisstofnun.

## Viðaukar

Til að veita almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja ársskýrslunni nokkrir viðaukar.

### Viðaukar í ársskýrslu Breiðafjarðarnefndar:

<i>Viðauki – I</i>	Greinargerð Breiðafjarðarnefndar með fjárlagatillögum fyrir árið 2003	Bls. 6-11
<i>Viðauki – II</i>	Reglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar	Bls. 12
<i>Viðauki – III</i>	Yfirlit yfir innsend og útsend erindi	Bls. 13-18
<i>Viðauki – IV</i>	Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar árið 2002	Bls. 19-42

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2002 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í febrúar 2003  
f.h. Breiðafjarðarnefndar



Friðjón Þórðarson  
formaður

### **Greinargerð Breiðafjarðarnefndar með fjárlagatillögum fyrir árið 2003**

Breiðafjarðarnefnd lauk við gerð fimm ára rammaáætlunar um vernd Breiðafjarðar í desember 1999 og var hún send umhverfissráðherra til samþykktar. Með bréfi í júlí 2000 samþykkti ráðherra áætlunina með fyrirvara um forgangsröðun verkefna og fjármögnun þess sem ráðgert er að gera ár hvert. Takist ekki að fá nægilegt fjármagn til áætlunarinnar hlýtur framkvæmd hennar að dragast sem því nemur.

Áætlun um vernd Breiðafjarðar er sú fyrsta sinnar tegundar sem samþykkt er formlega af umhverfissráðherra og var endanlega frágengin í nóvember 2001. Hún inniheldur almenna stefnumörkun um hvernig staðið skuli að því að framfylgja lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

***Í þessari greinargerð er lögð fram forgangsröðun verkefna eins og Breiðafjarðarnefnd hefur samþykkt fyrir sitt leyti og gerir að tillögu sinni fyrir árið 2003. Þetta er fyrsta fjárhagsáætlunin sem gerð er eftir að verndaráætlun Breiðafjarðar tók gildi og hefur nefndin forgangsráðað verkefnum skv. ósk umhverfissráðherra. Afar brýnt er að farið verði myndarlega af stað við að framkvæma verndaráætlunina og að rúmu fjármagni verði veitt til framkvæmda strax í upphafi til að hrinda henni myndarlega úr vör.***

Verkefnin falla undir nokkrar megin fyrirsagnir sem hér segir:

- (1) Gerð skipulagsáætlunar fyrir Breiðafjarðarsvæðið
- (2) Lagabreytingar og samning reglugerðar
- (3) Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis
- (4) Tryggja varðveislu menningarminja, svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengjast atvinnulífi
- (5) Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar
- (6) Stuðla að rannsóknnum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun
- (7) Stuðla að því að útivist og ferðamennska á Breiðafirði sé í anda sjálfbærrar þróunar
- (8) Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu
- (9) Kortagrunnar

Verkefnin sem lögð eru til að verði unnin undir þessum fyrirsögnum eru ákaflega misyfirgripsmikil. Sum þeirra eru í raun verkefni til margra ára á meðan önnur krefjast fremur lítillar vinnu af hálfu Breiðafjarðarnefndar en hugsanlega annarra sem hafa með viðkomandi málaflokk að gera. Sum verkefnin eru þess háttar að þau falla eðlilega innan verksviðs Breiðafjarðarnefndar, önnur til verksviða

sveitarstjórna, ríkisstofnana eða snúa beint að ráðuneytum. Einkaaðilar þurfa að koma nærri öðrum verkefnum til þess að þau nái fram að ganga. Flest verkefnanna eru þess eðlis að þau kalla á margháttða samvinnu eða samráð milli tveggja eða fleiri aðila.

Mörg forgangsverkefni voru valin af nefndarmönnum Breiðafjarðarnefndar og hefur þeim verið raðað í þrjú forgangsflokka (1, 2 og 3 þar sem 1 er mestur forgangur). Lagt er til að unnið verði að minnsta kosti að þeim viðfangsefnum sem féllu í fyrsta flokk á árinu 2003. Þeim er lýst nánar hér að neðan en einstökum verkefnum er lýst nánar í töflu í Viðauka. Nánari lýsing á því sem nefndin vill fá út úr einstökum verkefnum er að finna í skýringum.

### **(1) Gerð skipulagsáætlunar fyrir Breiðafjarðarsvæðið**

Breiðafjarðarnefnd er sammála um nauðsyn þess að ráðist verði í að skipuleggja Breiðafjarðarsvæðið í heild sinni. Eins og staðan er nú er mestur hluti þess óskipulagður og er skipulagsferillinn á forræði átta sveitarfélaga, en landið allt á að vera orðið skipulagt árið 2008. Nefndin leggur til að sveitarfélögin, skipulagsyfirköld ríkisins, umhverfisráðuneytið og Alþingi beiti sér sameiginlega fyrir gerð svæðisskipulags. Í því skyni og vegna sérstakra laga um Breiðafjörð er lagt til að leitað verði eftir sérstakri fjárveitingu af fjárlögum til að kosta gerð svæðisskipulagsins, líkt og kveðið er á um í Skipulags- og Byggingarlögum um gerð svæðisskipulags fyrir Miðhálandið.

Breiðafjarðarnefnd telur að mörg af þeim forgangsverkefnum sem lagt er til að unnin verði strax frá upphafi séu mikilvæg og nauðsynleg vegna gerðar svæðisskipulags. Það á ekki síst við um lagabreytingu sem lýtur að því að skilgreina svæðismörk með ákveðnari hætti en nú er, gagnasöfnun og rannsóknir til að tryggja varðveislu náttúruminja með samræmdum vinnubrögðum sem felast í að skilgreina vistgerðir svæðisins og varðveislu og rannsóknir á menningarminjum, svo sem mannvistarleifum, örnefnum og minjum er tengjast atvinnulífi. Forgangsröðun verkefna tekur verulegt mið af því að Breiðafjarðarnefnd telur að ráðast eigi sem fyrst í gerð svæðisskipulags fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

### **(2) Lagabreytingar og samning reglugerðar**

Lög um vernd Breiðafjarðar eru að vissu leyti ónákvæm hvað varðar mörk verndarsvæðisins. Kveðið er á um að mörk þess skuli vera um fjörur en hvar mörkin liggja nákvæmlega er óglögg. Ennfremur er ljóst að lög um vernd Breiðafjarðar ná aðeins takmarkað út frá ströndu þannig að stór hafsvæði milli eyja og milli eyja og lands verða útundan. Lögin ná þess vegna ekki fyllilega tilgangi sínum enda er það samspil eyja og sjávar sem sameiginlega mynda hina óvenjulegu mynd á Breiðafirði sem leitast er við að vernda með lagasetningunni.

Bent hefur verið á að vernd menningarminja er snerta sjóinn eru ekki tryggð með núverandi svæðismörkum enda eru margar sjóminjar lengra uppi í landi. Viss rök hníga að því að 250-300 m landræma með ströndinni ætti að heyra til verndarsvæðis Breiðafjarðar. Hvar er heppilegast að þau liggja er óljóst á þessu stigi, en óvissu vegna óglöggra marka verður að eyða. Þá er nauðsynlegt að styrkja betur hvernig skuli standa að varðveislu og rannsóknum á menningarminjum sem eru á forræði



menntamálaráðherra en lögin um vernd Breiðafjarðar eru að öðru leyti á vegum umhverfissráðherra.

Sjávarsvæðið utan netlaga á Breiðafirði hefur verið skilgreint utan laga um vernd Breiðafjarðar en engu að síður innan þeirrar línu sem dregin er um verndarsvæðið umhverfis fjörðinn. Óvissan lýtur að því hvernig sjávarútvegsráðuneytið annars vegar og umhverfissráðuneytið hins vegar komi að málum er snerta vernd Breiðafjarðar og hvernig þau skulu vinna saman að sjálfbærri þróun og öðrum markmiðum laga um vernd Breiðafjarðar.

Reglugerð hefur ekki verið sett á grundvelli laga um vernd Breiðafjarðar og er mikilvægt að sú vinna fari í gang hið fyrsta.

### **(3) Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis**

Til grundvallar skipulagsvinnu fyrir Breiðafjörð er mikilvægt að taka saman upplýsingar um lífríkið og jarðfræðiminjar með skipulögðum hætti. Lagt er til að unnið sé samkvæmt svokallaðri *vistgerðaleið*. Sú aðferðafræði byggir á því að flokka hinar mismunandi vistgerðir svæðisins. Flokkun vistgerða byggist á (1) formgerð landslags, (2) ólífrænum umhverfisþáttum, (3) tegundum plöntusamfélaga, (4) ríkjandi plöntutegundum, (5) gróðurframvindu og (6) samsetningu dýrasamfélaga.

Að gagnaöflun lokinni er gert ráð fyrir að eftirtaldar upplýsingar liggi fyrir um hverja vistgerð: (1) sjaldgæfar tegundir, (2) fjölbreytni tegunda og hve viðkvæm tegundasamfélög eru gagnvart raski, (3) mikilvægi vistgerða til að viðhalda stofnum og tegundum, (4) vísindalegt, félagslegt, efnahagslegt eða menningarlegt gildi vistgerðar og einstakra tegunda, (5) mikilvægi vistgerðar til að viðhalda náttúrulegum þróunarferlum og (6) verndargildi í alþjóðlegu samhengi.

Auk þess að meta mismunandi formgerðir landslags þarf að flokka jarðfræðiheildir og taka saman yfirlit um staðsetningu, útbreiðslu og algengni einstakra jarðfræðimyndana.

Með ofangreindri aðferðafræði fæst (1) yfirlit yfir einkenni, stærð og útbreiðslu mismunandi vistgerða og jarðfræðiheilda, (2) þekking til þess að meta verndargildi mismunandi náttúruyrirbæra, svæða og staða og (3) hlutlægt mat sem hægt er að nota við ákvarðanir um alla nýtingu og náttúruvernd.

Nánari upplýsingar um hvernig staðið skuli að því að nálgast tilheyrandi gögn er að finna í kaflanum um náttúruvannsóknir.

### **(4) Tryggja varðveislu menningarminja er tengjast atvinnulífi**

Við skipulagsgerð og framkvæmdir er brýnt að hliðsjón verði höfð af menningarminjum. Saga eyjasamfélagsins er mikilvægur þáttur í sögu byggðar á Íslandi, en eyjarnar byggðust strax á landnámsöld. Þar er m.a. menningarlandslag sem tryggja þarf verndun á í samræmi við lög um náttúruvernd. Þar kemur m.a. fram að markmið laganna sé að vernda það sem er sérstætt og sögulegt en einnig að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af menningarminjum.

Það sem brýnast er að gera er að skrá og kortleggja menningarminjar. Skrá menningarminja fyrir svæðið í heild er mjög takmörkuð og brýnt að undanfari allrar skipulagsvinnu á verndarsvæðinu verði fullkomin fornleifaskráning. Hún er í raun forsenda þess að frekari menningartengdar rannsóknir geti farið fram. Koma þarf á samstarfi við Fornleifavernd ríkisins og aðra sérfróða aðila um skráningu fornleifa og annarra menningarminja á svæðinu.

Byggðamynstur á verndarsvæði Breiðafjarðar hefur breyst mikið og sérstaklega á síðustu öld. Nauðsynlegt er að farið verði skipulega í skráningu byggðar á svæðinu, að minnsta kosti frá manntalinu 1703.

Safna þarf saman þjóðhátalýsingum, örnefnum og öðrum munnlegum fróðleik sem gengið hefur manna á milli í eyjunum.

Efla þarf vernd menningarminja, t.d. með ákveðnum merkingum, þannig að koma megi í veg fyrir skemmdir af gáleysi eða vanþekkingu. Hugmyndir hafa komið fram um að endurbyggja einstakar minjar og eru þær hugmyndir góðra gjalda verðar. Það þarf hins vegar að tryggja að ekkert sé gert nema með fullu samþykki landeigenda, Fornleifaverndar ríkisins og Húsafríðunarnefndar ríkisins. Þá er áhugavert að koma á samstarfi við verndarsvæði í öðrum eyjasamfélögum eins og t.d. í Færeyjum eða eyjasamfélögum við Skotland með sameiginlegar rannsóknir í huga.

#### **(5) Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar**

Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að taka saman greinargott yfirlit um helstu nytjar sem eru eða hafa verið stundaðar á Breiðafirði, bæði til lands og sjávar. Í tengslum við þá greinargerð er gert ráð fyrir að taka saman helstu tölur eftir því sem hægt er svo sem um verðmæti nytjanna, hve mikils magns er aflað, fjölda starfa, o.s.frv. Að lokum mun verða lagt mat á stöðu einstakra nytjabátta m.t.t. sjálfbærrar þróunar og til hvaða rannsókna, frekari gagnöflunar eða aðgerða þurfi að grípa til að ná markmiðum laga um vernd Breiðafjarðar.

#### **(6) Stuðla að rannsóknum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun**

Margvísleg gögn eru til um náttúrufar Breiðafjarðar en þau eru bæði misjöfn að gæðum og magni. Mikið af þessum gögnum hafa hvorki verið birt né tekin saman í óbirtar skýrslur. Yfirlit um birtar upplýsingar um sjávarrannsóknir er að finna í skýrslu Halldóru Skarphéðinsdóttur og Karls Gunnarssonar „Lífriki sjávar í Breiðafirði“ (1997). Samsvarandi yfirlit um náttúrufar á landi er ekki til en benda má á Árbók Ferðafélags Íslands 1989 sem fjallar um Breiðafjarðareyjar og þar er margvíslegra heimilda getið.

Lagt er til að fyrst sé tekið saman yfirlit um fyrirliggjandi gögn um einstaka náttúrufarsþætti. Slík samantekt felst í því að skilgreina hvar gögn um mismunandi náttúrufarsþætti er að finna, meta gæði þeirra, hve gott yfirlit þau gefa um viðkomandi þætti, meta hvað þurfi að gera til að þau veiti viðunandi yfirlit og leggja fram tillögur hvernig skuli staðið að frekari gagnaöflun.

Við skipulagningu á frekari rannsóknavinnu skal leggja ríkasta áherslu á að afla þeirra náttúrufarsgagna sem eru nauðsynleg vegna vinnu við svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð. Við að fara svokallaða vistgerðaleið er mikilvægast í upphafi að kortleggja gróðursamfélög og plöntutegundir svæðisins. Aðeins lítill hluti svæðisins hefur verið kortlagður hingað til og samsetning gróðursamfélaga er því illa skráð. Enn minna hefur verið skráð um fjörugerðir og mismunandi lífríki þeirra. Gróðurkort verða síðan notuð sem grunnur að vistgerðakortum og mun frekari gagnaöflun verða byggð á niðurstöðu þeirra. Ýmsir þættir fuglalífs eru vel þekktir, aðrir lakar, en margvísleg gögn sem eru til hafa ekki verið tekin saman eða kortlögð. Jarðfræðiminjar hafa verið skráðar á stórum hluta Breiðafjarðar en úrvinnsla er skammt á veg komin. Einstakir þættir eru þó vel kortlagðir, eins og jarðhitasvæði.

Eitt þeirra verkefna sem mikilvægt er að vinna á síðari stigum er að gera samræmda áætlun um vöktun á skilgreindum náttúrufarsþáttum Breiðafjarðar. Slík áætlun þarf að vera til staðar svo unnt sé að fylgjast með breytingum sem eiga sér stað á náttúrufari fjarðarins, hvort heldur er af náttúrulegum ástæðum eða mannavöldum. Niðurstöður slíkrar áætlunar eru mikilvægar við alla frekari ákvarðanatöku um nýtingu og vernd Breiðafjarðar og til hvaða aðgerða þarf að grípa til þess að laga það sem aflaga hefur farið, ef það er unnt.

#### **(7) Stuðla að útivist og ferðamennsku á Breiðafirði í anda sjálfbærrar þróunar**

Það er mat Breiðafjarðarnefndar að nauðsynlegt sé að skipuleggja ferðaþjónustu og almenna útivist á verndarsvæðinu og jöðrum þess í anda sjálfbærrar þróunar enda er mikill vöxtur í ferðaþjónustu hér á landi eins og upplýsingar frá Ferðamálaráði Íslands bera vitni um. Í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar er brýnt að Breiðafjarðarnefnd í samvinnu við sveitarstjórnir og ferðaþjónustuaðila beiti sér fyrir gerð áætlunar um ferðaþjónustu og almenna umferð um svæðið, þannig að náttúru- og menningarminjum verð ekki spillt, en í því sambandi má nefna sérstaklega dýrategundir sem eru á válista svo og hlunnindanýtingu bænda.

Kostnaður vegna skipulags- og áætlanagerðar um ferðaþjónustu felst í þátttöku nefndarmanna á fundum um málefnið, útgáfu umgengnisreglna, skipulagsáætlunarinnar og leiðbeiningarbæklings sem dreift yrði til ferðaþjónustuaðila.

#### **(8) Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu**

Það er mat Breiðafjarðarnefndar að nauðsynlegt sé að efla og skipuleggja umhverfisfræðslu um Breiðafjörð. Nefndin telur brýnt að koma á samstarfi við grunnskóla og framhaldsskóla á svæðinu svo sem í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Þar kemur m.a. fram að samspil manns og náttúru skuli skoðað með það að leiðarljósi að efla þekkingu og skilning nemenda á grundvallarmarkmiðum sjálfbærrar þróunar ásamt vilja til að starfa í anda þeirra. Þá telur nefndin brýnt að í samstarfi við ferðaþjónustuaðila verði útbúið fræðsluefni fyrir gesti svæðisins og er þá átt við upplýsinga- og fræðslubæklinga svo og fræðsluskilti.

Kostnaður vegna skipulags- og áætlanagerðar um umhverfisfræðslu felst í samstarfi Breiðafjarðarnefndar við fulltrúa skóla og ferðaþjónustu, útgáfu kennslugagna, gerð skipulagsáætlunar, upplýsinga- og fræðslubæklinga, gerð og uppsetningu fræðsluskilta, upplýsinga- og fræðslubæklinga, o.s.frv.

### **(9) Kortagrunnar**

Grundvöllur allrar skipulagsvinnu er að viðunandi kortgrunnar séu til á stafrænu formi og í þeim mælikvarða sem hentar hverju sinni mismunandi gagnasöfnun. Kortagrunnar eru einnig mikilvægir við alla rannsóknavinnu, hvort sem um er að ræða á náttúru- eða menningarminjum. Þjónustufyrirtæki, opinberar stofnanir og sveitarfélög hafa ennfremur margvíslegt gagn af hentugum kortagrunnum.

Kortagrunnar eru ekki til yfir Breiðafjarðarsvæðið í þeim mælikvörðum sem þarf nema að litlu leyti. Kostnaður er mikill við gerð kortagrunna og því réttast að leita eftir sem víðtækustu samstarfi um gerð þeirra meðal þeirra mörgu aðila sem þurfa á nákvæmum kortum að halda. Slíkar aðilir eru til dæmis Skipulag ríkisins, Vegagerðin, Hafrannsóknastofnun, Þörungaverksmiðjan á Reykhólum, ferðaþjónustuaðilar, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrustofur á Vestfjörðum og Vesturlandi, hin sjö sveitarfélög svæðisins, Þjóðminjasafn Íslands, Minjaverðir Vestfjarða og Vesturlands, Örnefnastofnun, Bráðamengunarnefnd, Umhverfisstofnun, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, Orkustofnun, o.fl.

Hér er ekki gerð tillaga um fjármögnun á stafrænum kortagrunnum, til þess er málið of stutt á veg komið. Lagt er til að Breiðafjarðarnefnd með stuðningi valinna aðila, þ. á m. Umhverfisstofnunar, leiti eftir viðunandi lausn á gerð kortagrunna m.a. vegna skipulagsmála og rannsókna.

***Reglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við msagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar***

1. Öll erindi skulu berast Breiðafjarðarnefnd frá byggingarfulltrúa, að undangengnu ferli samkvæmt leiðbeiningablöðum skipulagsstofnunar nr. 1 um leyfi til framkvæmda án þess að fyrir liggi aðalskipulag eða deiliskipulag, nr. 6 um byggingarleyfi og nr. 7 um framkvæmdaleyfi eftir því sem við á. Öll gögn sem krafist er samkvæmt leiðbeiningablöðunum skulu fylgja erindum til nefndarinnar.
2. Við mat á því hvort Breiðafjarðarnefnd veitir samþykki sitt fyrir veitingu leyfa til framkvæmda eða bygginga hefur hún eftirfarandi atriði til hliðsjónar:
  - A. Hvort fyrirhuguð bygging eða framkvæmd fari á einhvern hátt í bága við verndaráætlun Breiðafjarðar eða sérstakar friðlýsingar.
  - B. Hvort bygging eða framkvæmd falli vel að umhverfi sínu í útlitslegu og sögulegu tilliti, þ.m.t. hvort byggingar eða mannvirki hafi áður verið þar til staðar.
  - C. Hvort um sé að ræða nauðsynlega og eðlilega framkvæmd til búskapar á lögbýli.
  - D. Að fylgt sé ýtrustu kröfum um frárennsli og sorphirðu.
  - E. Upplýsingar um gróðurfar og dýralíf.

**Reglur þessar tóku gildi 6.júní 2002.**

**Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2002**

**Innsend erindi**

1. 16. desember 2001. Móttekið í janúar 2002. Erindi frá Halli Hallssyni, framkvæmdastjóra Frelsum Willy Keikó samtakanna á Íslandi.  
Efni: Flutningur háhyrningsins Keikó í Breiðafjörð við Stykkishólm.
2. 16. janúar 2002. Úrskurður Skipulagsstofnunar.  
Efni: Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.
3. 11. febrúar 2002. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.  
Efni: Óskað eftir athugasemdum við starfsleyfisdrög (þorskeldi í sjónum úti fyrir bænum Þingvöllum, Helgafellssveit.)
4. 15. febrúar 2002. Vegagerðin, svar við bréfi Breiðafjarðarnefndar, dags. 25. janúar 2002.  
Efni: Vöktun á lífríki Gilsfjarðar.
5. 19. febrúar 2002. Umhverfísráðuneytið, svar við bréfi Breiðafjarðarnefndar, dags. 25. janúar 2002.  
Efni: Siglingar í nágrenni arnarsetra.
6. 27. febrúar 2002. Umhverfísráðuneytið.  
Efni: Óskað eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um stjórnsýslukærur.
7. 21. mars 2002. Skipulagsstofnun.  
Efni: Sjóvarnir við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna í Flatey, Breiðafirði. Matsskylda.
8. 28. mars 2002. Saurbæjarhreppur.  
Efni: Svar við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 07.03.2002.
9. 11. apríl 2002. Umhverfísráðuneytið.  
Efni: Viðbótarþóknanir vegna okt. 1998 til des 2000.
10. 15. apríl 2002. Reykhólahreppur.  
Efni: Svar við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 07. 03.2002.
11. 6. maí 2002. Grundarfjarðarbær.  
Efni: Svar við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 07. 03.2002.
12. 8. maí 2002. Dalabyggð.  
Efni: Svar við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 07. 03.2002.
13. 21. maí 2002. Umhverfísráðuneytið.  
Efni: Viðbótarþóknanir vegna okt. 1998 til des. 2000, leiðrétting.

14. 5. júní 2002. Guðmundur Runólfsson hf.  
Efni: Óformleg fyrirspurn vegna fyrirhugaðs tilraunaeldis á þorski.
15. 6. júní 2002. Umhverfísráðuneytið.  
Efni: Þóknanir vegna fundarsetu á árinu 2001.
16. 26. júní 2002. Náttúrustofa Vesturlands.  
Efni: Upplýsingar um rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands á verndarsvæði Breiðafjarðar árið 2002.
17. 25. júní 2002. Náttúruvernd ríkisins.  
Efni: Fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar um starfsemi á verndarsvæði Breiðafjarðar.
18. 27. júní 2002. Fornleifavernd ríkisins.  
Málefni: Upplýsingar um starfsemi/rannsóknir stofnanna á verndarsvæði Breiðafjarðar 2002.
19. 10. júlí 2002. Helgafellssveit.  
Efni: Sameiginlegt svæðisskipulag fyrir Breiðafjarðareyjar.
20. 15. júlí 2002. Hafrannsóknastofnunin.  
Efni: Svar við fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar um starfsemi á verndarsvæði Breiðafjarðar.
21. 16. júlí 2002. Helgi Þór Axelsson.  
Efni: Umsókn um leyfi til nýbyggingar á jörðinni Efri-Langey í Breiðafirði.
22. 15. ágúst 2002. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.  
Efni: Óskað eftir umsögn um drög að starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi í Grundarfirði.
23. 15. ágúst 2002. Skipulagsstofnun.  
Efni: Bygging fristundahúss í Efri-Langey, Breiðafirði, Dalabyggð. Afrit af bréfi til Dalabyggðar.
24. 23. ágúst 2002. Umhverfísráðuneytið.  
Efni: Úrskurður ráðuneytisins frá 22. ágúst um mat á umhverfisáhrifum Snæfellsnesveggar um Kografafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.
25. 29. ágúst 2002. Helgi Axelsson og Axel Helgason.  
Efni: Varðandi umsókn um byggingarleyfi í Efri-Langey.
26. Ódagsett. (ágúst) Axel Helgason.  
Efni: Varðandi umsókn um byggingarleyfi í Efri-Langey.
27. 29. ágúst 2002. Byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandarsýslu.  
Efni: Byggingarleyfi fyrir sumarhús í Efri-Langey, Breiðafirði.

28. 10. september 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands.  
Efni: Rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar. Svarbréf.
29. 7. október 2002. Örnefnastofnun Íslands.  
Efni: Rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar. Svarbréf.
30. 2. október 2002. Húsafriðunarnefnd ríkisins.  
Efni: Rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar. Svarbréf.
31. 10. október 2002. Vegagerðin.  
Efni: Framkvæmdir á verndarsvæði Breiðafjarðar árið 2002. Svarbréf.
31. 10. október 2002. Þörungaverksmiðjan.  
Efni: Svarbréf við erindi nefndarinnar frá 10. júní og 11. september varðandi starfsemi Þörungaverksmiðjunnar og áhrif hennar á lífríkið í Breiðafirði.
32. 16. október 2002. Vesturbyggð.  
Efni: Svarbréf við erindi nefndarinnar frá því í mars sl. Varðandi skipulag.
33. 21. október 2002. Umhverfissráðuneytið.  
Efni: Svarbréf vegna erindis Breiðafjarðarnefndar frá 23. september.
34. 21. október 2002. Hollustuvernd ríkisins.  
Efni: Svarbréf vegna erindis Breiðafjarðarnefndar frá 11. september 2002.
35. 22. október 2002. Umhverfissráðuneytið.  
Efni: Svarbréf vegna erindis Breiðafjarðarnefndar frá 7. ágúst 2002.
36. 29. október 2002. Háskóli Íslands.  
Efni: Svarbréf vegna erindis Breiðafjarðarnefndar frá 11. september 2002.
37. 11. nóvember 2002. Umhverfissráðuneytið.  
Efni: Svarbréf vegna erindis Breiðafjarðarnefndar frá 21. október 2002.
38. 12. nóvember 2002. Fornleifastofnun Íslands.  
Efni: Svarbréf vegna erindis Breiðafjarðarnefndar frá 11. september 2002.
39. 6. desember 2002. Hafrannsóknastofnunin í Ólafsvík.  
Efni: Svar við fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar um starfsemi Hafrannsóknastofnunar á verndarsvæði Breiðafjarðar árið 2003.
40. 5. desember 2002. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.  
Efni: Óskað eftir athugasemdum við starfsleyfisdrög vegna þorskeldisstöðvar Alex Páls Ólafssonar úti fyrir Baulutanga í Stykkishólmi.
41. 10. desember 2002. Fornleifafræðistofan.  
Efni: Svar við fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar um starfsemi og/eða rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar árin 2002 og 2003.



42. 9. desember 2002. Vegagerðin á Ísafirði.  
Efni: Svar við fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar um starfsemi á verndarsvæði Breiðafjarðar árin 2002 og 2003.

#### Útsend erindi

1. 14. janúar 2002. Til Fjármálaráðuneytisins, Þóknananefndar.  
Efni: Greiðsla þóknana til nefndarmanna.
2. 25. janúar 2002. Til Vegagerðarinnar.  
Efni: Vöktun á lífríki Gilsfjarðar.
3. 25. janúar 2002. Til Keikó samtakanna á Íslandi.  
Efni: Flutningur háhyrningsins Keikó til Stykkishólms.
4. 25. janúar 2002. Til Umhverfissráðuneytisins.  
Efni: Siglingar á Breiðafirði og verndun arnarins. Ítrekun á bréfi frá 5. mars 2001.
5. 6. mars 2002. Til Umhverfissráðuneytisins.  
Efni: Umsögn Breiðafjarðarnefndar um stjórnslukærur.
6. 6. mars 2002. Til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.  
Efni: Þorskeldi í sjónum úti fyrir bænum Þingvöllum, Helgafellssveit.
7. 7. mars 2002. Til Snæfellsbæjar, Saurbæjarhrepps, Stykkishólmsbæjar, Vesturbyggðar, Grundarfjarðarbæjar, Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Helgafellssveitar. Samrit sent umhverfissráðherra.  
Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð.
8. 10. apríl 2002. Til Skipulagsstofnunar.  
Efni: Sjóvarnir við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna í Flatey. Matsskylda. (Svarbréf)
9. 19. apríl 2002. Til Umhverfissráðuneytisins.  
Efni: Umsókn um þóknanir vegna fundarsetu árið 2001.
10. 27. maí 2002. Til ríkisbókhalds.  
Efni: Umsókn um greiðslu viðbótarþóknana vegna tímab. okt. 1999 til des. 2000.
11. 6. júní 2002. Til Umhverfissráðherra.  
Efni: Fjármál Breiðafjarðarnefndar (Sent 15. júlí 2002)
12. 7. júní 2002. Guðmundur Runólfsson hf.  
Efni: svar við óformlegri fyrirspurn.
13. 10. júní 2002. Til Þörungaverksmiðjunnar hf.  
Efni: Óskað eftir upplýsingum varðandi rannsóknir og fyrirhugaða stækkun.

14. 10. júní 2002. Til Fornleifaverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Hafranssóknarstofnunarinnar í Ólafsvík, Landhelgisgæslunnar/sjómælinga, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands.  
Efni: Óskað eftir upplýsingum um það hvort unnið sé að rannsóknum/og eða verið með rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar.
15. 12. júní 2002. Til Ríkisbókhalds.  
Efni: Óskað eftir greiðslu á þóknun fyrir fundarsetu ársins 2001.
16. 13. júní 2002. Til Skipulagsstofnunar, byggingarfulltrúa og sveitarstjórna Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Saurbæjarhrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar, Stykkishólmsbæjar og Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrustofu Vestfjarða og Umhverfísráðuneytisins.  
Efni: Reglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar.
17. 7. ágúst 2002. Umhverfísráðuneytið.  
Efni: Skilgreining á mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar. (Ítrekun á bréfi, dags. 24. janúar 1998).
18. 6. september 2002. Dalabyggð.  
Efni: Byggingarleyfi í Efri-Langey, Breiðafirði.
19. 6. september 2002. Helgi Þór Axelsson.  
Efni: Byggingarleyfi í Efri-Langey, Breiðafirði.
20. 6. september 2002. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.  
Efni: Umsögn um drög að starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi í Grundarfirði.
21. 11. september 2002. Landhelgisgæslan, Örnefnastofnun, Þörungaverksmiðjan, Náttúrustofa Norðurlands vestra, Hollustuvernd, Fornleifastofnun, Háskóli Íslands, Húsafriðunarnefnd og Vegagerðin.  
Efni: Óskað eftir upplýsingum um starfsemi/rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar.
22. 23. september 2002. Menntamálaráðherra.  
Efni: Óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að sett verði reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar í samræmi við 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.
23. 23. september 2002. Umhverfísráðherra.  
Efni: Óskað eftir upplýsingum um gerð reglugerðar um verndun náttúruminja í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar.
24. 14. október 2002. Umhverfísráðherra.  
Efni: Fjármál Breiðafjarðarnefndar.

25. 21. október 2002. Umhverfisstofnun.  
Efni: Framtíð Breiðafjarðarnefndar eftir stofnun Umhverfisstofnunar.
26. 5. nóvember 2002. Reykhólahreppur.  
Efni: Tilkynning um úrskurð umhverfisstofnunar um varðandi Karlsey.
27. 24. nóvember 2002. Vegagerðin á Ísafirði.  
Efni: Óskað eftir yfirliti yfir framkvæmdir á verndarsvæði Breiðafjarðar.
28. 29. nóvember 2002. Fornleifafræðistofan.  
Efni: Óskað eftir upplýsingum um rannsóknir og/eða starfsemi á vegum Fornleifafræðistofnunar á verndarsvæði Breiðafjarðar á árunum 2002 og 2003.
29. 2. desember 2002. Þörungaverksmiðjan.  
Efni: Óskað eftir nánari upplýsingum um það hvað felist í vottun verksmiðjunnar. Þá er óskað eftir eintaki af þeim skýrslum sem vitnað er til í svarbréfi Þörungaverksmiðjunnar frá 10. október 2002.
30. 2. desember 2002. Landmælingar Íslands.  
Efni: Óskað eftir því að Landmælingar Íslands hraði eins og auðið er vinnslu við kortagerð af Breiðafjarðarsvæðinu.

## ***Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar árið 2002***

**31. fundur Breiðafjarðarnefndar,**  
**haldinn 24. janúar 2002, kl. 11:00 til 14:30 á Náttúrustofu Vesturlands,**  
**Stykkishólmi.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Eiríkur Snæbjörnsson, varamaður Jóhannesar Gíslasonar.

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, sat fundinn frá kl. 12:10 til kl. 14:00.

*Fundarritari:* Sigríður Elisdóttir.

Formaður setti fundinn kl. 11:00 og tilkynnti forföll nefndarmannanna Guðríðar Þorvarðardóttur, sem var erlendis, Þórólfs Halldórssonar, sem ekki komst vegna ófærðar um Klettsháls og Jóhannesar Gíslasonar, sem komst heldur ekki vegna ófærðar.

### **DAGSKRÁ FUNDARINS**

#### **Fundargerðir síðustu tveggja funda**

Formaður las upp fundargerð 29. fundar og var hún samþykkt. Þá las hann upp fundargerð 30. fundar, sem einnig var samþykkt.

#### **Ítrekun á bréfi til Umhverfisráðuneytisins**

Lögð voru fram drög að bréfi til Umhverfisráðuneytisins, þar sem ítrekuð er ósk Breiðafjarðarnefndar, eftir upplýsingum um það, hvort búið sé að veita undanþágu til siglinga í nágrenni arnarsetra innan verndarsvæðisins og þá hvaða aðilum. Þá er þar óskað eftir upplýsingum um, hvernig ráðuneytið kynnir sjófarendum á verndarsvæðinu reglur sem gilda um siglingar í nágrenni arnarsetra á vorin og fyrri hluta sumars.

*Afgreiðsla:* Drög þessi voru samþykkt.

#### **Vinnureglur vegna byggingarleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar**

Formaður las upp bréf frá Þórólfi, þar sem fram koma hans tillögur að reglum Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Hugmyndir Þórólfs þóttu góðar og voru ræddar. Hugsanlegt væri þó, að einhverra frekari gagna þyrfti að afla, umfram þeirra sem kæmu fram í ferlinu, áður en Breiðafjarðarnefnd tæki málið fyrir, þar sem engar upplýsingar um lífríki og útlitsþætti eru í gögnunum.

*Afgreiðsla:* Ákveðið var að fresta afgreiðslu málsins þar til Þórólfur verður viðstaddur.

### **Keikó**

Tekið var fyrir erindi Halls Hallssonar, f. h. Keikó samtakanna á Íslandi, dags. 16. des. 2001, þar sem samtökin óska eftir heimild Breiðafjarðarnefndar til þess að flytja háhyrninginn Keikó til Stykkishólms og halda skepnuna þar svo lengi sem hún lifir eða er undir mannahöndum.

Róbert kynnti stöðu málsins og svaraði nokkrum spurningum nefndarmanna.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd féllst á flutning háhyrningsins Keikó til Stykkishólms fyrir sitt leyti.

### **Þóknanir til nefndarmanna**

Formaður sagði frá því að hann og Guðríður hafi sent bréf til Þóknananevndar, þar sem spurst var fyrir um það, hvort Þóknananevnd fallist á, að nefndarmönnum verði greitt fyrir viðbótar vinnuframlag á tímabilinu október 1999 til desember 2000, sem nefndarmenn telja sig eiga inni skv. reglum sem áður var farið eftir. Þá óskuðu þau eftir svari við bréfinu fyrir þennan fund ef mögulegt væri.

Ekki barst svar við bréfinu fyrir fundinn.

**Afgreiðsla:** Málinu var frestað uns svar hefur fengist frá Þóknananevnd.

### **Drög að starfsskýrslu**

Lögð voru fram á fundinum drög að starfsskýrslu fyrir árið 2001. Nefndarmenn höfðu kynnt sér skýrsluna.

**Afgreiðsla:** Drög starfsskýrslunnar voru samþykkt án athugasemda.

### **Vöktun á lífríki Gilsfjarðar**

Lögð voru fram drög að bréfi til Vegagerðarinnar, unnin af Guðríði, þar sem óskað er eftir upplýsingum um vöktun á lífríki Gilsfjarðar í tengslum við framkvæmd Vestfjarðavegar nr. 60 um Gilsfjörð. Fram kom í drögunum að samkvæmt úrskurði skipulagsstjóra frá 26. ágúst 1994 á grundvelli laga nr. 63/1993 voru m. a. sett eftirfarandi skilyrði “Að Vegagerðin fylgist með þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin kann að valda, svo hægt verði að bera saman núverandi spár um breytingar á náttúrunni og viðbrögð umhverfisins í raun eftir framkvæmd.”

Fram kom á fundinum að eftirfarandi skilyrði hafi einnig verið sett; “Æskilegt er að Vegagerðin reyni að haga framkvæmdum þannig, að framkvæmdum næst arnarsetrum í Gilsfirði sé haldið í lágmarki á tímabilinu febrúar til júní, eftir því sem tók eru á.”

Þá var lögð fram áætlun um rannsóknir um lífríkisathuganir, veðurfarsathuganir, ísathuganir og vatnamælingar og var áætlað að halda þeim áfram í 3 til 5 ár.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að bæta seinna skilyrðinu inn í bréfið og voru drögin samþykkt.

### **Friðlýsing Flateyjar**

Magnús sagði frá því að uppi hafi verið hugmyndir um að friða húsin í Flatey. Þörf væri á að setja inn breytingar í deiliskipulag Flateyjar, þar sem inn komi hverfisvernd. Þarna gæti Breiðafjarðarnefnd orðið Reykhólahreppi að liði við að semja reglur og ákvæði inn í þessa hverfisvernd.

**Afgreiðsla:** Magnús tók að sér að kanna grundvöllinn fyrir þessu og Ævar tók að sér að ræða málið við framfarafélagið í Flatey.

## ÖNNUR MÁL

### **Forgangsröðun verkefna árið 2002**

Fram kom að taka þurfi afstöðu til þess, hvaða verkefni eiga að fara í mestan forgang á árinu. Rædd voru fjármál nefndarinnar og það hversu takmarkað fjárhagslegt svigrúm nefndin hafi til athafna á árinu. Ljóst sé að nefndin fái aldrei úthlutað því fjármagni sem hún óskaði sér til athafna og hugsanlegt væri því að leita til annarra styrktaraðila með fjármagn. Þá voru nefndarmenn sammála um að æskilegt væri að byrja á því að útbúa kynningarbækling og/eða veggspjald, þar sem verndarsvæðið Breiðafjörður og Breiðafjarðarnefnd væru kynnt fyrir almenningi og aðilum í ferðaþjónustu. Hugsanlegt væri að sveitarstjórnirnar á svæðinu hefðu áhuga á að koma að þessu og að gerð skipulags á verndarsvæðinu óháð skipulagi sveitarfélaganna sjálfra.

**Afgreiðsla:** Nefndarmenn voru sammála um kynninguna. Ævar tók að sér að gera fyrsta uppkast að bréfi til sveitarfélaga vegna skipulagsmála.

### **Mörk verndarsvæðisins**

Rædd voru mörk verndarsvæðisins og nauðsyn þess að fá skýrari skilgreiningu á þeim. Það mál þurfi reyndar að fara fyrir Alþingi, því endurskoða þurfi lögin. Þá kom fram að æskilegt væri að fá yfirlit yfir sjóminjar og menningarsögulegar minjar sem á svæðinu eru.

### **Fornleifarannsóknarverkefni í Bjarneyjum**

Ásgeir Gunnar sagði frá því að fornleifarannsóknarverkefni í Bjarneyjum eigi að fara í gang í vor. Grafnar hafi verið könnunargrafir í eyjunum fyrir 3 árum, en í sumar verði 6 menn frá 3 löndum, við við fornleifaskráningu í 6 vikur. Það er Háskólinn í Tromsø sem stendur fyrir verkefninu.

### **Fundi var slitið kl. 14:30**

**Næsti fundur ákveðinn í seinni hluta febrúar.**

**32. fundur Breiðafjarðarnefndar,  
haldinn 4. mars 2002, kl. 11:15 til 16:00 á Náttúrustofu Vesturlands,  
Stykkishólmi**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson formaður, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson og Eiríkur Snæbjörnsson, varamaður Jóhannesar Geirs Gíslasonar.

Þá var mættur Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

*Fundarritari:* Sigríður Elisdóttir.

Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll vegna veikinda og Jóhannes Geir Gíslason komst ekki vegna ófærðar.

Formaður setti fundinn kl. 11:15.

## **DAGSKRÁ FUNDARINS**

### **Fundargerð 31. fundar**

Fundarritari las upp fundargerð 31. fundar, sem var samþykkt eftir smávægilega lagfæringu.

### **Vinnureglur vegna byggingarleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar**

Þórólfur las upp tillögur sínar að reglum Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar, og ræddar voru á síðasta fundi. Hann taldi upp þau gögn sem fylgja þurfa með umsóknum um framkvæmda- og byggingarleyfi skv. leiðbeininga- blöðum Skipulagsstofnunar. Nefndarmenn sögðu þar vanta öll gögn varðandi lífríki og skuli því, auk atriða sem fram skulu koma á afstöðuupprætti skv. leiðbeininga- blöðunum, koma fram upplýsingar um gróðurfar og dýralíf.

*Afgreiðsla:* Tillögur Þórólfs voru samþykktar með fyrrgreindri viðbót, varðandi gróðurfar og dýralíf.

### **Uppgjör þóknana**

Formaður sagði frá því að hann hefði rætt við Þórhall Arason, fjármálaráðuneytinu, og Þórð Ólafsson, umhverfisráðuneytinu. Þórhallur hringdi á meðan á fundinum stóð. Sagði hann stöðu málsins óbreytta, en talaði um að gengið yrði í það á allra næstu dögum að svara bréfinu.

### **Fyrirhuguð stækkun á Þörungaverksmiðjunni – Hver er staðan?**

Farið var yfir feril ofangreinds máls. Fram kom að enn sé ósvarað bréfi frá Breiðafjarðarnefnd til umhverfisráðuneytisins, dags. 24. janúar 1998 þar sem fram kemur að vinnslusvæðið sé samkvæmt ströngustu túlkun laga um vernd Breiðafjarðar, utan þess svæðis sem lögin ná til. Þar kemur einnig fram að óhjákvæmilegt sé að nefndin fjalli um fyrirhugaða stækkun verksmiðjunnar. Í framhaldi af erindi Þörungaverksmiðjunnar og takmarkaðrar skilgreiningar á mörkum verndarsvæðisins, bæði hvað varðar mörk til sjávar og upp á land, óskaði nefndin eftir því að ráðuneytið skeri úr um það hvort líta beri á Karlsey sem eyju eða ekki skv. lögunum um vernd Breiðafjarðar, þar sem Þörungaverksmiðjan stendur í Karlsey í Reykhólasveit.

Málið er gamalt og engin ný erindi hafa borist varðandi það.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að skrifa forstjóra Þörungaverksmiðjunnar og spytjast fyrir um það, hvort fyrir liggi einhverjar rannsóknir á áhrifum þang- og þaraskurðar á lífríkið og hvort enn sé fyrirhuguð stækkun á verksmiðjunni.

#### **Forgangsröðun verkefna**

Rædd voru fjármál nefndarinnar og forgangsröðun verkefna. Nefndarmenn töldu greinargerðina sem Ævar vann og lögð var til grundvallar með fjárlagatillögum fyrir árið 2001, vera enn í fullu gildi. Þó þyrfti að yfirfara hana og forgangsráða á ný einhverjum verkefnum.

**Afgreiðsla:** Ævar tók að sér að yfirfara greinargerðina. Friðjón mun svo, ásamt varaformanni, bera hana undir ráðuneytið.

#### **Þorskelldi í sjónum úti fyrir bænum Þingvöllum, Helgafellssveit**

Tekið var fyrir erindi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 11. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir athugasemdum við starfsleyfisdrög vegna þorskeldis á ofangreindum stað.

Nefndarmenn gátu fyrir sitt leyti fallist á leyfisveitinguna, en töldu að á gildistíma starfsleyfisins ætti að gera leyfishafa skylt að skrá ágang fugla í sjókvína, s. s. tegundir og fjölda, og hvernig við honum er brugðist. Einnig, að skráð verði hvaða magn úrgangs frá fiski og fódri setjist til sem botnfall. Þá skuli leyfishafi skila skýrslu um árangur tilraunaeldisins.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd féllst á leyfisveitinguna fyrir sitt leyti, að uppfylltum ofangreindum þremur skilyrðum.

#### **Svarbréf umhverfisráðuneytisins, varðandi siglingar á Breiðafirði og verndun arnarins**

Bréfið var lagt fram á fundinum, en ekki gerðar sérstakar athugasemdir við það.

#### **Svarbréf Vegagerðarinnar, varðandi vöktun á lífríki Gilsfjarðar**

Bréfið var lagt fram á fundinum, en ekki gerðar sérstakar athugasemdir við það.

Fram kom að Vegagerðin hafi sent þau gögn sem óskað var eftir til varaformanns, sem komst ekki til fundar.

#### **Hverfisvernd í Flatey**

Magnús greindi frá því, að hann hefði óskað eftir upplýsingum hjá Skipulagsstofnun um það, hvar hverfisvernd hefur verið beitt. Hann hafi fengið þau svör að nýleg dæmi um hverfisvernd séu í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps, en þar séu reglur um takmarkanir á skógrækt á nokkrum svæðum, í aðalskipulagi Hornafjarðar til verndar votlendis, landslags, jökla og búsetuminja og að í aðalskipulagi Djúparhrepps sé Þykkvibær hverfisverndaður sökum hins sérstæða og menningarsögulega byggðarmynsturs.

#### **Ósk umhverfisráðuneytisins eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um stjórnsýslukærur**

Tekið var fyrir erindi umhverfisráðuneytisins, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um stjórnsýslukærur Reynis Bergsveinssonar, dags. 16. febrúar 2002, Gunnars Njálssonar, dags. 17. febrúar 2002 og Jóhanns H. Níelssonar, hrl., f. h. Hreins Bjarnasonar vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 16. janúar 2002 um mat



á umhverfisáhrifum Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.

**Afgreiðsla:** Varðandi kærur Reynis Bergsveinssonar vísaði Breiðafjarðarnefnd til bréfs nefndarinnar til Skipulagsstofnunar, dags. 27. nóvember 2001, þar sem veitt var umsögn um matsskýrslu á umhverfisáhrifum frá Vegagerðinni.

Varðandi kærur Gunnars Njálssonar, leit Breiðafjarðarnefnd svo á að náma A sé utan verndarsvæðis Breiðafjarðar og hafi nefndin því ekki lögsögu í málinu.

Varðandi kærur Jóhanns H. Níelssonar hrl., f. h. Hreins Bjarnasonar, tók Breiðafjarðarnefnd undir það, að í ljósi reynslunnar séu einhverjar líkur á tjóni á æðarvarpi og lagði því til að gerðar yrðu viðeigandi mótvægisáðgerðir til að takmarka aðgang minks að grjóttgarðinum og að fylgst verði með breytingum á æðarvarpinu og þéttleika minks á svæðinu í kjölfar framkvæmda.

## Önnur Mál

### **Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð**

Ævar lagði fram drög að bréfi til sveitarfélaga vegna svæðisskipulags fyrir Breiðafjörð.

**Afgreiðsla:** Nefndarmenn fögnuðu þessum drögum og samþykktu þau. Ákveðið var að senda bréfið sveitarfélögunum átta, á verndarsvæði Breiðafjarðar.

**Fundi slitið kl. 16:00.**

**Næsti fundur ákveðinn síðar.**

**33. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 6. júní 2002, kl. 12:00 til 15:40 í Náttúrustofu Vesturlands, Stykkishólmi.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson, formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson og Jóhannes Geir Gíslason.

*Fundarritari:* Sigríður Elisdóttir.

Gestur fundarins var Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Formaður setti fundinn kl.12:00.

## **DAGSKRÁ FUNDARINS**

### **Fundargerð 32. fundar**

Formaður las upp fundargerð 32. fundar, sem var samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

### **Kynning á verkefninu BIOMARE**

Róbert sagði nefndarmönnum frá því, að tillaga hafi verið gerð um að setja Breiðafjörð á skrá yfir merk sjávar- og strandsvæði í Evrópu þar sem æskilegt væri að rannsaka líffræðilegan fjölbreytileika. Verkefnið kallast BIOMARE, sem stendur fyrir “Implementation and networking of large scale, long term MARine BIOdiversity research in Europe”. Hann sagði ekkert fjármagn fylgja því að setja Breiðafjörð á þessa skrá en það gæti þó opnað leiðir fyrir fjármagn til rannsókna á svæðinu. Hann sagði að ekki væri öruggt að Breiðafjörður verði inni í verkefninu, en það vegur þungt að svæðið er verndað með lögum. Það er Jörundur Svavarsson, prófessor við Háskóla Íslands, sem hefur unnið að málinu.

Nefndarmenn lögðu fram spurningar varðandi verkefnið og óskuðu eftir upplýsingum um hvaða gögnum um svæðið hafi verið komið á framfæri við kynningu á því. Þá fögnuðu nefndarmenn athyglinni sem svæðið fær.

### **Ósk forstöðumanns Náttúrustofu Vesturlands að sitja fundi Breiðafjarðarnefndar sem áheyrnarfulltrúi**

Róbert kom því á framfæri að hann hefði áhuga á að sitja fundi Breiðafjarðarnefndar sem áheyrnarfulltrúi. Hann telur það brýnt þar sem hann þurfi oft að svara fyrirspurnum varðandi mál er liggja fyrir hjá nefndinni. Hann vék af fundi.

Nefndarmenn voru sammála um að vissulega hefði forstöðumaður NSV sérstöðu gagnvart nefndinni vegna þjónustusamnings stofunnar og nefndarinnar, en bent var á að Þorleifur Eiríksson forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, sem einnig er varaformaður í nefndinni, hafi sótt um að sitja sem áheyrnarfulltrúi Náttúrustofu Vestfjarða. Beiðninni var hafnað á þeim grundvelli að Ævar Petersen situr í Breiðafjarðarnefnd sem fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa á svæðinu.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að skoða þessi mál. Afgreiðsla var frestað til næsta fundar.

### **Sjóvarnir við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna í Flatey**

Rætt var erindi Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars 2002, þar sem óskað var álits Breiðafjarðarnefndar á því, hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati skv. 2. og 3. viðauka í 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd svaraði erindinu með bréfi, dags. 10. apríl 2002, og gerði ekki athugasemd við framangreinda framkvæmd, enda um að ræða viðhald eða viðgerð á þeirri sjóvörn sem fyrir er. Nefndin taldi þó að verulega skorti á upplýsingar um efnistöku og benti á að kannaður verði möguleiki á að flytja grjót í sjóvarnargarðinn úr landi, svo sem hvar og hvernig áætlað er að safna alls 700 m<sup>3</sup> af grjóti, til þess að hægt sé að meta framkvæmdina að fullu.

Þá taldi nefndin eðlilegt að kannaður verði sá möguleiki að flytja grjót í sjóvarnargarðinn úr landi. Breiðafjarðarnefnd benti á að ef til verksins þurfi þungar vinnuvélar sé mikil hætta á að rask verði á óskertum móa, fjörukambinum og fjörunni. Einnig benti nefndin á að fuglavarþ er í urðinni vestan við frystihúsið og reyndar einnig í grjótuppfyllingunni umhverfis frystihúsið. Til þess að raska sem minnst fuglalífi á svæðinu lagði nefndin áherslu á að framkvæmdin við sjóvörnina fari fram að hausti, en ekki á varptíma.

Að lokum benti Breiðafjarðarnefnd á, að á uppdrætti af Flatey sem fylgdi bréfi Siglingastofnunar eru tún sýnd ná frá götunni og niður undir fjöru. Þetta er ekki allskostar rétt þar sem neðrihluti áðurnefndra „túna“ eru óskertir móar. Breiðafjarðarnefnd benti enn fremur á að þar er að finna ævaforan túngarð sem fyrr á tímum aðskildi útræktina frá túnunum og telst garðurinn til fornminja.

### **Hverfisvernd í Flatey**

Magnús lagði fram á fundinum dæmi um hverfisverndarsvæði og sagðist eiga fljótlega von á að fá upplýsingar um kostnað við hverfisvernd á þeim stöðum.

Þá kom fram að Flatey fellur undir verndarsvæði Breiðafjarðar og er sú vernd æðri en hverfisvernd.

Nefndarmenn ræddu hugmyndir um að óska eftir því við hreppsnefnd Reykhóla-hrepps að hún geri samþykkt um að byggðarmynstur í Flatey haldist óbreytt. Ævar sagði frá því að hann hafi átt samtal við formann Framfarafélagsins í Flatey og lýst yfir áhuga sínum á því að kynna hugmyndir nefndarmanna fyrir félaginu. Þá sagði Magnús frá því að hugmyndin um hverfisvernd í Flatey hefði upphaflega komið frá Húsfriðunarnefnd.

**Afgreiðsla:** Ævar tók að sér að kynna hugmyndir nefndarinnar fyrir Framfarafélaginu í Flatey. Magnús tók að sér að hafa samband við Húsfriðunarnefnd og kanna þeirra hugmyndir. Þá var ákveðið að skrifa umhverfis- og menntamálaráðuneytunum og kanna hvort það sé þeirra vilji að setja reglugerðir samkvæmt lögunum. Formenn tóku að sér að ganga frá bréfunum.

### **Reglur Breiðafjarðarnefndar**

Á fundi 4. mars sl. samþykkti Breiðafjarðarnefnd reglur um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar. Ævar benti á misræmi í orðalagi í lið 2. E í reglunum, sem var lagfært.

Ákveðið var að reglur þessar skyldu kynntar fyrir Skipulagsstofnun, byggingarfulltrúum og sveitarstjórnnum við verndarsvæði Breiðafjarðar, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Vestfjarða, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofum Vesturlands og Vestfjarða og umhverfisráðuneytinu.

Lögð voru fram drög að bréfi til framangreindra stofnana.

**Afgreiðsla:** Reglurnar voru samþykktar með fyrrgreindri leiðréttingu. Þá voru drög að bréfi samþykkt.

**Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar um svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð**  
Svarbréf Saurbæjarhrepps, dags. 23. mars 2002, Reykhólahrepps, dags. 15. apríl 2002, Grundarfjarðarbæjar, dags. 6. maí 2002 og Dalabyggðar, dags. 8. maí 2002, við erindi nefndarinnar, dags. 7. mars sl., um svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð, voru lögð fram á fundinum.

**Afgreiðsla:** Bréfunum var fagnað af hálfu nefndarmanna og engar sérstakar athugasemdir gerðar við þau. Þá var ákveðið að fundarritari tæki að sér að hringja í þá aðila sem ekki hafa svarað erindinu til þessa.

### **Uppgjör þóknana til nefndarmanna, staða málsins**

Formaður sagði frá því, að búið væri, með bréfi þann 2. maí 2002, að sækja um þóknunir vegna fundarsetu ársins 2001. Þá hefur Þóknananefnd, sbr. bréf 24. apríl 2002, ákveðið viðbótareiningar vegna tímabilsins okt. 1999 til des. 2000, sem nú eru hjá ríkisfóhirði til greiðslu, en samkvæmt upplýsingum þaðan eiga þær að vera búnar að berast nefndarmönnum eigi síðar en 14. júní nk.

### **Fjármál Breiðafjarðarnefndar**

Lögð voru fram á fundinum drög að bréfi til umhverfisráðherra, varðandi fjármál Breiðafjarðarnefndar þar sem fram kemur að Breiðafjarðarnefnd hefur forgangsraðað 29 verkefnum úr Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð fyrir árið 2003. Kostnaður við þessi verkefni er áætlaður 32.5 millj. Einnig kemur fram að þar sem ákveðið var að flytja umsjón með Breiðafjarðarnefnd frá skrifstofu ráðuneytisins og samið var við Náttúrustofu Vesturlands um vistun nefndarinnar bættist verulegur kostnaðarliður á Breiðafjarðarnefnd, þ.e. kostnaður sem áður hvíldi á ráðuneytinu. Þá er í bréfinu rekstrarreikningur fyrir árið 2001 og rekstraráætlun Breiðafjarðarnefndar árið 2002.

**Afgreiðsla:** Drögin voru samþykkt, með þeim fyrirvara að farið yrði vandlega yfir þær tölur sem fram koma í rekstrarreikningi og rekstraráætlun nefndarinnar.

### **Drög að bréfi til Þörungaverksmiðjunnar**

Lögð voru fram drög að bréfi til Þörungaverksmiðjunnar þar sem leitað er eftir upplýsingum um það, hvaða rannsóknir hafi verið gerðar á áhrifum þang- og þaraskurðar á lífríkið í Breiðafirði á vegum Þörungaverksmiðjunnar og hvaða skýrslur liggi fyrir, ef einhverjar. Þá er í bréfinu óskað eftir upplýsingum um það, hvort enn sé fyrirhuguð stækkun á verksmiðjunni.

**Afgreiðsla:** Drögin voru samþykkt eftir lagfæringu á orðalagi. Þá var ákveðið að ítreka bréf til umhverfisráðuneytisins frá 24. janúar 1998.

Drög að bréfi til Náttúrustofa Vesturlands og Vestfjarða, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Fornleifaverndar og Náttúruverndar ríkisins

Lögð voru fram drög að bréfi til ofangreindra stofnana þar sem óskað er eftir upplýsingum um það, hvort þær vinni að rannsóknum og/eða séu með starfssemi á verndarsvæði Breiðafjarðar árið 2002 og hvort stefnt sé að gagnaöflun á svæðinu á næsta ári.

**Afgreiðsla:** Drögin voru samþykkt og ákveðið að bréfið skuli einnig sent Landhelgisgæslunni/sjómælingum og Hafrannsóknastofnuninni í Ólafsvík.

## **Óformleg fyrirspurn Guðmundar Runólfssonar hf., vegna tilraunaeldis á þorski**

Rædd var óformleg fyrirspurn Runólfs Viðars Guðmundssonar og Guðmundar Smára Guðmundssonar fyrir hönd Guðmundar Runólfssonar hf., dags., 5. júní sl. Þar segja þeir frá því að þeir séu að undirbúa þorskeldi á Grundarfirði og spyrja hvort það sé rétt túlkun þeirra á lögum um vernd Breiðafjarðar að lögin nái ekki til hafsvæðisins. Þá óska þeir eftir að Breiðafjarðarnefnd láti vita hvaða upplýsingar hún þurfi, telji hún sig hafa lögsögu í málinu.

*Afgreiðsla:* Ákveðið var að benda fyrirspyrjendum á að senda erindi til Heilbrigðis-  
eftirlits Vesturlands, sem síðan sendir erindið til Breiðafjarðarnefndar til umsagnar.

## **Önnur mál.**

### **Þjónustusamningur við Náttúrustofu Vesturlands**

Rætt var hvort endurnýja þyrfti þjónustusamninginn við Náttúrustofu Vesturlands. Fram kom að samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót, en framlengist sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp fyrir 30. júní ár hvert.

*Afgreiðsla:* Ekki þótti ástæða til að aðhafast, þar sem samningurinn endurnýjast sjálfkrafa.

### **Umhverfisstofnun**

Guðríður sagði frá því að búið sé að setja lög um Umhverfisstofnun, sem tekur til starfa 1. janúar nk. Með henni verður sameinuð stjórnsýslustarfsemi þeirra stofnana og nefnda umhverfisráðuneytis sem fara með mengunarvarnir, hollustuhætti, náttúruvernd, dýravernd og stjórn á stofnstærð villtra dýra, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Veiðistjóraembættið, hreindýraráð og dýraverndarráð.

Nokkur umræða átti sér stað varðandi stofnunina.

*Afgreiðsla:* Ákveðið var að fylgjast vel með framgangi mála varðandi þessa nýju stofnun.

### **Stagley**

Þá sagði Guðríður frá því að vinna við friðlýsingu Stagleyjar sé á lokastigi.

### **Heimasíða Breiðafjarðarnefndar**

Nefndarmenn ræddu nauðsyn þess að setja upp heimasíðu fyrir Breiðafjarðarnefnd.

*Afgreiðsla:* Gert var að tillögu að nefndin komi sér upp heimasíðu.

### **Vinnuvegur Vegagerðarinnar við gerð vegar yfir Kolgrafafjörð**

Ævar sagði frá því að honum hafi borist upplýsingar um að Vegagerðin ætli sér að byggja aukaveg sem nær alveg niður í fjöru fyrir neðan Berserkseyri meðan á stendur byggingu vegar yfir Kolgrafafjörð. Þetta muni eiga að gera til þess að aka til og frá vinnusvæðinu yfir Hópið og fjörðinn.

Fundarritari sagði frá því að hún hafi haft samband við Auðun Hálfðánarson hjá Vegagerðinni varðandi þennan veg og hafi hann sagt að hugmyndin sé á algjöru frumstigi. Þá sagði hann að þessi vegur myndi ekki skerða fjöruna, nema hugsanlega að litlu leyti og ef ákveðið verði að gera þennan aukaveg verði það gert í fullu samráði við Breiðafjarðarnefnd.

### **Styrkir til Breiðafjarðarnefndar**

Friðjón kastaði fram þeirri spurningu til nefndarmanna, hvort einhverra styrkja eða fjárframlaga erlendis frá væri að vænta, eins og í upphafi starfs Breiðafjarðarnefndar var gert ráð fyrir. Nefndarmenn voru sammála um taka þyrfti vissa þætti úr verndaráætlun Breiðafjarðar og óska eftir styrkjum út á þá, því að fjárstyrkir kæmu ekki inn að sjálfu sér og að nefndin þyrfti að bera sig eftir þeim. Því geti þó fylgt umtalsverð vinna.

### **Ráðstefna um Breiðafjörð**

Magnús ræddi þá hugmynd að halda ráðstefnu um Breiðafjörð. Hann benti á að það mundi kosta heilmikla vinnu og þyrfti að vera gert í miklu og góðu samstarfi við bæjarfélög og fleiri aðila. Nefndarmönnum þótti hugmyndin góð.

### **Lagfæring á lögum um vernd Breiðafjarðar**

Þórólfur sagði frá því að hann telji að eitt af verkefnum Breiðafjarðarnefndar í haust ætti að vera, að ræða við umhverfisráðherra um að lagfæra lögum um lögsögu nefndarinnar um mörk verndarsvæðisins og breyta þeim á næsta þingi. Nefndarmenn voru sammála um að þetta væri mjög mikilvægt og að þetta þyrfti að taka fyrir strax í byrjun þings.

### **Fyrirlestur um áhrif þaraskurðar á fuglalíf**

Ævar sagði frá því að hann hafi í fórum sínum fyrirlestur, sem haldinn var í Noregi um áhrif þaraskurðar á fuglalíf. Hann sagði frá því að slæmt ástand hafi verið á sjófugli við Breiðafjörð síðustu ár, þó á síðasta ári hafi ástandið verið skár en árin á undan.

*Afgreiðsla:* Ákveðið var að setja þetta mál á dagskrá næsta fundar.

**Fundi var slitið kl. 15:40.**

**Næsti fundur ákveðinn síðar.**

**34. fundur Breiðafjarðarnefndar,  
haldinn 5. september 2002, kl. 11:00 til 16:20 í Náttúrustofu Vesturlands,  
Stykkishólmi.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson og Jóhannes Geir Gíslason.

*Fundarritari:* Sigríður Elisdóttir.

Þá var mættur frá umhverfissráðuneytinu, Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri skrifstofu náttúruverndar og lífsgæða.

Formaður setti fundinn kl.11:00 og bauð nefndarmenn velkomna. Þá bauð hann Ingimar sérstaklega velkominn.

## **DAGSKRÁ FUNDARINS**

### **Sameiginlegt svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð**

Friðjón kynnti nefndarmenn og sagði Ingimar frá því að fjármálin væru nefndarmönnum ofarlega í huga. Hann rakti hver fjárheimild nefndarinnar hafi verið frá upphafi og að hún dugi nefndinni aðeins fyrir nauðþurftum.

Ingimar tók til máls og þakkaði fyrir þetta tækifæri til að hitta nefndarmenn. Hann sagði frá því að hann hafi átt fund í umhverfissráðuneytinu með Friðjóni og Sigurði Þráinssyni, þar sem skipulagsmál hafi verið rædd og að í kjölfarið hafi verið ákveðið að hann kæmi og ræddi við nefndarmenn.

Ingimar sagði að fjárveitingar til nefndarinnar ráðist af því hver verkefni nefndarinnar væru hverju sinni og að skipulagsmálin væru algjört forgangsverkefni. Staðreyndin væri þó sú, að lögum samkvæmt væri skipulagsgerð í höndum viðkomandi sveitarfélaga og það sé skoðun þeirra í ráðuneytinu að hún sé þáttur sem byrja þurfi á og því væri nauðsynlegt að halda fund með Breiðafjarðarnefnd, fulltrúum frá umhverfissráðuneytinu, sveitarfélögunum og Skipulagsstofnun. Þá sagði hann stærsta böggulinn við sérstaka svæðisskipulagsgerð vera kostnaðinn. Hann væri þó ekki á könnu Breiðafjarðarnefndar, en ef svo ætti að vera þyrfti að breyta lögum um vernd Breiðafjarðar og setja inn í þau sérstakt ákvæði um skipulagsgerð og greiðslu kostnaðar. Hún yrði þá framkvæmd á svipaðan hátt og gert var við svæðisskipulag miðhálandisins. Hann sagði það liggja ljóst fyrir að svæðisskipulagið sem slíkt sé ekki skylduframkvæmd og það sé sveitarfélaganna að ákveða hvort þau fari út í þetta eða ekki. Aftur á móti sé skylt lögum samkvæmt að svæðisskipuleggja miðhálandið.

Friðjón vék að mörkum verndarsvæðisins og Þórólfur sagði frá því að mörk þess væru ekki nægilega skýr í lögum og tók dæmi. Þarna þyrfti einnig að koma til breyting á lögum.

Mikil umræða varð um skipulagsmál og lýstu nefndarmenn ánægju sinni yfir því að sömu viðhorf virtust ríkja hjá ráðuneytinu og hjá Breiðafjarðarnefnd varðandi skipulagið.

Ævar minnti á verndaráætlunina og að Breiðafjarðarnefnd væri í biðstöðu ef aðeins verði unnið í skipulagsmálunum. Hann spurði einnig hvert hlutverk nefndarinnar yrði í skipulagsferlinu. Ingimar svaraði því að Breiðafjarðarnefnd yrði hugsanlega framkvæmdanefnd, eins og skipuð var við gerð skipulags fyrir miðhálandið.

Nefndin þurfi að gera tillögur til umhverfisráðuneytisins og fá hlutaðeigandi aðila á fund og kanna þeirra viðhorf varðandi málið. Í framhaldi af því kæmi tillaga frá Breiðafjarðarnefnd um framhaldið. Ingimar sagði það liggja ljóst fyrir að ráðuneytið verði að beita sér fyrir því að þetta skipulagsverkefni verði unnið og að taka þurfi þá þætti út úr forgangsröðuninni er varða skipulagsmálin. Aðra þætti þyrfti að skoða sérstaklega og sækja um sérstakt fjármagn til framkvæmda á þeim, en margir þeirra væru þegar inni hjá öðrum stofnunum.

Guðríður minnti á að bréf hafi verið sent til viðkomandi sveitarfélaga þar sem þeirra hugur var kannaður varðandi sameiginlegt svæðisskipulag.

Að lokum spurði Friðjón hvort nefndin geti gert sér einhverja von um viðbótar fjárheimild.

Ævar tók fram að verkefni nefndarinnar verði á næstunni skipulagsmál, breyting á lögunum og að endurskoða hvaða verkefni innan verndaráætlunarinnar verði hægt að taka fyrir, en þá komi aftur upp spurningin um fjármagn.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að haldinn verði annar fundur 8. október nk. með Ingimar Sigurðssyni, Sigurði Þráinssyni, Stefáni Thors skipulagsstjóra, Magnúsi Guðmundssyni forstjóra Landmælinga og fulltrúum sveitarstjórna, þar sem fjallað verði um sameiginlegt svæðisskipulag.

### **Fyrirlestur um áhrif þaratekju á fuglalíf**

Ævar hélt fyrirlestur um áhrif þaratekju á fuglalíf eftir Svein-Hákon Lorentsen, Norwegian Institute for Nature Research.

Fyrirlesturinn þótti fróðlegur. Rædd voru áhrif þaratekju í Breiðafirði.

### **Fundargerð 33. fundar**

Friðjón las upp fundargerð síðasta fundar, sem var samþykkt.

### **Umsókn um leyfi til nýbyggingar á jörðinni Efri-Langey í Breiðafirði**

Tekið var fyrir erindi byggingarfulltrúa Dala- og A-Barðastrandarsýslu, dags. 29. ágúst 2002. Einnig lágu fyrir bréf Helga Þórs Axelssonar frá 16. júlí og 29. ágúst 2002, þar sem óskað er eftir áliti Breiðafjarðarnefndar á staðsetningu á sumarhúsi í Efri Langey og endurbyggingu á geymslu á Hjallatanga, gamla bænum og nýja fjósinu á bak við gamla bæinn, í sinni upprunalegu mynd. Þá lá frammi samrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Dalabyggðar, dags. 15. ágúst 2002, varðandi sama efni.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd samþykkti fyrir sitt leyti að veitt verði leyfi fyrir byggingu nýs íbúðarhúss á jörðinni Efri-Langey, með fyrirvara um að umsækjandi hafi samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi staðsetningu þess áður en framkvæmdir hefjast.

Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemd fyrir sitt leyti við endurbyggingu á geymslu á Hjallatanga, gamla bænum og nýja fjósinu á jörðinni Efri-Langey.

### **Drög að starfsleyfi fyrir sjókvíældi (þorskeldisstöð) í Grundarfirði.**

Tekið var fyrir erindi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 15. ágúst 2002, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um drög að starfsleyfi fyrir sjókvíældi (þorskeldisstöð) Guðmundar Runólfssonar hf. sem starfrækt verður í Grundarfirði, nánar tiltekið úti fyrir jörðinni Hellnafelli og á svæði milli Spjarar og Setbergs í Grundarfjarðarbæ.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd gat fyrir sitt leyti fallist á leyfisveitinguna, en taldi að á gildistíma starfsleyfisins skuli leyfishafa gert skylt að skrá ágang fugla í



sjókvína, s. s. tegundir og fjölda, og hvernig við honum er brugðist. Einnig, að skráð verði hvaða magn úrgangs frá fiski og fódri setjist til sem botnfall. Þá skuli leyfishafi skila skýrslu um árangur tilraunaeldisins.

#### **Hverfisvernd í Flatey**

Magnús sagði frá því að hann hafi haft samband við Magnús Skúlason hjá Húsfriðunarnefnd varðandi hverfisvernd í Flatey. Þá ítrekaði hann mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við byggingafulltrúa Dalabyggðar.

Guðríður las upp drög að bréfum til umhverfisráðuneytisins, þar sem óskað er eftir upplýsingum um gerð reglugerðar um verndun náttúruminja í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar og menntamálaráðuneytisins þar sem óskað er eftir því við ráðuneytið að sett verði reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar í samræmi við 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

*Afgreiðsla:* Drögin voru samþykkt og ákveðið að senda bréfin.

#### **Svarbréf við bréfi Breiðafjarðarnefndar frá 10. júní sl.**

Lögð voru fram svarbréf Náttúrustofu Vesturlands, Náttúruverndar ríkisins, Fornleifaverndar ríkisins og Hafrannsóknastofnunarinnar, við ofangreindu erindi nefndarinnar, þar sem óskað er eftir upplýsingum um það, hvort stofnanir vinni að rannsóknum og/eða séu með starfsemi á verndarsvæði Breiðafjarðar.

*Afgreiðsla:* Ákveðið var að senda fleiri stofnunum samskonar bréf.

#### **Svarbréf við erindi nefndarinnar dags. 7. mars 2002**

Lagt var fram svarbréf frá Helgafellssveit við ofangreindu erindi um svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð.

*Afgreiðsla:* Nefndarmenn gerðu ekki sérstakar athugasemdir við bréfið.

#### **Heimasíða Breiðafjarðarnefndar**

Fram kom að starfsmaður nefndarinnar hefur hafið gerð heimasíðu fyrir Breiðafjarðarnefnd, sem nú er vistuð á slóðinni [www.simnet.is/gudjone/brf2.htm](http://www.simnet.is/gudjone/brf2.htm)

Þar er nú hægt að nálgast verndaráætlun Breiðafjarðar ásamt ýmsum upplýsingum. Þá sagði hún frá því að kostnaður við að vista síðuna hjá Halló!- Frjálsum fjarskiptum, væri kr. 2000.- á mán.

Ævar lagði til að þær upplýsingar sem berast um þau verkefni sem verið er að vinna við verði settar inn á heimasíðuna.

*Afgreiðsla:* Ákveðið varð að sækja um slóðina [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is) hjá Halló! – Frjálsum fjarskiptum.

#### **Styrkur til Breiðafjarðarnefndar árið 1998**

Friðjón sagði að í grein í Mbl. 30. júlí hafi Árni Finnsson sagt frá því að sjóðurinn World Wide Fund hafi stutt stofnun verndarsvæðis á Breiðafirði, með styrkveitingu.

Ævar sagði frá því að kostnaðurinn við gerð verndaráætlunar hafi verið á milli 5 og 6 milljónir og hafi teygst yfir árin 1997 til 1999. Hann hafi útvegað umræddan styrk á sínum tíma til að nota við vinnu vegna verndaráætlunarinnar og var hann bókfærður hjá NÍ, enda hafi Guðríður unnið verndaráætlunina sem starfsmaður NÍ með sértökum samningi Breiðafjarðarnefndar og í fríi frá Náttúruvernd ríkisins.

## Úrskurður umhverfisráðuneytisins frá 22. ágúst 2002 um mat á umhverfis-áhrifum Snæfellsnesvegjar um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.

Pórólfur las upp úrskurðarorð.

**Afgreiðsla:** Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við úrskurðinn.

### Lagfæring á lögum um vernd Breiðafjarðar

Rætt var að nauðsynlegt væri að breyta lögnum um vernd Breiðafjarðar og það þyrfti að ræða á þeim fundi sem ákveðið var að halda 8. október nk. Þá kom fram að skipa þurfi samvinnunefnd um gerð sérstaks svæðisskipulags fyrir Breiðafjörð (sbr. samvinnunefnd miðhálandis skv. 12. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997) og að Breiðafjarðarnefnd skuli eiga fulltrúa í henni. Fram kom að Breiðafjarðarnefnd þyrfti að vera búin að gera tillögur varðandi mörk verndarsvæðisins.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að skoða gerð tillagna um mörk verndarsvæðisins betur. Guðríður tók að sér að afla upplýsinga um það hvar mörkin eru dregin í öðrum löndum. Magnús tók að sér að afla gagna um hversu langt minjar nái inn í land. Pórólfur tók að sér að vera Friðjóni innan handar varðandi tillögur um breytingar á lögnum um mörk verndarsvæðisins.

Ásgeir Gunnar vék af fundi frá kl. 15:10 til 15:35

### Ósk Forstöðumanns NSV um að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúi

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, óskaði eftir á síðasta fundi, að fá að sitja fundi Breiðafjarðarnefndar sem áheyrnarfulltrúi. Málið var rætt.

**Afgreiðsla:** Friðjón óskaði eftir frestun á afgreiðslu málsins.

### Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ævar benti á að ef fjárheimild Breiðafjarðarnefndar verði ekki aukin árið 2003 verði ekki hægt byrja að vinna eftir verndaráætluninni það árið. Hann sagði nánar frá þeim fundum sem þeir Friðjón áttu með umhverfisnefnd Alþingis og með Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu, en fjármál nefndarinnar voru rædd á báðum fundunum. Nefndarmenn voru sammála um að taka þurfi þau verkefni sem ekki heyra undir skipulagsmál og forgangsraða. Óska þurfi eftir auknu fjármagni til framkvæmda á þeim. Fram komu ýmsar hugmyndir um verkefni, þ.á.m. að sækja um fjármagn til að halda ráðstefnu um framtíð Breiðafjarðar, gefa út kynningarefni o.fl.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að nefndarmenn skili inn sínum tillögum um verkefni, svo hægt verða að fullvinna þær fyrir næsta fund.

## Önnur mál

### Umhverfisstofnun

Guðríður sagði frá þróun mála við stofnun Umhverfisstofnunar.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að fylgjast áfram með framgangi mála.

### Verndun þorpsins í Flatey

Guðríður las upp drög að bréfi sem fannst í skjölum Breiðafjarðarnefndar frá 8. desember 1999 þar sem fjallað er um hugmynd Breiðafjarðarnefndar að friðlýsingu

Flateyjar og gert er ráð fyrir að þorpið og nánasta umhverfi verði verndað sem menningarsögulegt friðland til að varðveita þær náttúru- og menningarminjar sem þar er að finna. Þá er í bréfinu farið þess á leit við umhverfisráðuneytið og menntamálaráðuneytið að þau leiðbeini nefndinni um það hvort friðun af þessu tagi sé hugsanleg skv. núgildandi lögum eða á hvern annan hátt sé unnt að vinna að framgangi hugmyndarinnar.

**Afgreiðsla:** Nefndarmenn voru sammála um innihald bréfsins, sem var á sömu nótum og bréf þau er samþykkt voru vegna hverfisverndar í Flatey.

Guðríður kynnti fyrir nefndarmönnum skýrsluna “Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020”, sem gefin var út af umhverfisráðuneytinu. Hún sagði einnig frá sjálfbærliðasamtökum um náttúruvernd, sem höfðu samband við nefndina og buðu fram starfskrafta sína ef vinna þyrfti að náttúruvernd.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að fara þess á leit við umhverfisráðuneytið að nefndarmönnum verði send skýrslan.

### **Húsbyggingar í eyjum í eigu Stykkishólmsbæjar**

Ævar spurði að því hvort húsbyggingar í eyjum á Breiðafirði, sem eru í eigu Stykkishólmsbæjar, heyri undir Breiðafjarðarnefnd.

**Niðurstaða:** Nefndarmenn voru sammála um að í þeim eyjum sem skipulag liggur þegar fyrir, heyru byggingar ekki undir Breiðafjarðarnefnd.

**Fundi slitið kl. 16:20.**

**Næsti fundur ákveðinn 8. október 2002, með fyrrgreindum aðilum.**

**35. fundur Breiðafjarðarnefndar,  
haldinn 8. október 2002, kl. 11:00 til 15:30 í Ráðhúsinu í Stykkishólmi.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson og Jóhannes Geir Gíslason.

*Fundarritari:* Sigríður Elisdóttir.

Einnig mættu Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, Stefán Thors skipulagsstjóri, Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands, Eydís Líndal Finnbogadóttir forstöðumaður kortasviðs Landmælinga og Gísli Gíslason landslagsarkitekt.

Þá voru mætt Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri í Grundarfjarðarbæ ásamt Dóru Haraldsdóttur, Guðna Hallgrímssyni og Gísla Ólafssyni, Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri í Stykkishólmsbæ, Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ, Brynjólfur Gíslason bæjarstjóri í Vesturbyggð, Haraldur L. Haraldsson sveitarstjóri í Dalabyggð ásamt Gunnólfi Lárussyni aðstoðarmanni sínum og Benedikt Benediktsson oddviti í Helgafellssveit.

Þá voru einnig mættir Jörundur Svavarsson prófessor við líffræðiskor í Háskóla Íslands og Róbert Arnar Stefánsson fortöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Sæmundur Kristjánsson, oddviti Saurbæjarhrepps boðaði forföll og bað fyrir kveðju á fundinn. Nýr sveitarstjóri Reykhólahrepps, Einar Örn Thorlacius, mætti ekki.

Formaður setti fundinn kl.11:05 og bauð nefndarmenn velkomna. Hann kynnti Breiðafjarðarnefnd og gesti fundarins og bauð þá sérstaklega velkomna.

## **DAGSKRÁ FUNDARINS**

### **Almenn kynning**

Friðjón sagði frá tildrögum þess að til fundarins var boðað.

### **Sérstakt svæðisskipulag – aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga**

Ingimar Sigurðsson tók til máls og sagðist hafa átt viðræður við Breiðafjarðarnefnd um sérstaka svæðisskipulagsgerð fyrir Breiðafjörð. Hann sagði menn standa frammi fyrir því að stór hluti svæðisins við Breiðafjörð liggur utan skipulags sveitarfélaganna og sé af þeim sökum utan skipulagsskyldu.

Stefán Thors tók til máls og greindi frá stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum við Breiðafjörð. Hann lagði fram á fundinum leiðir í skipulagsmálum vegna verndunar Breiðafjarðar og reifaði þá möguleika sem uppi eru í stöðunni.

Magnús Guðmundsson tók þá til máls og sagði frá því hvernig Landmælingar geta komið að svona verkefni. Hann sagði fyrst frá hlutverki Landmælinga, kynnti stafrænan gagnagrunn sem unnið er að og landfræðilegt upplýsingakerfi.

Þá tók Eydís Líndal til máls og sýndi þau kort sem til eru á stafrænu- og pappírformi yfir svæðið og vektorgögn sem eru mjög hentug til skipulagsgerðar. Hún sagði þörf vera á að fá nákvæmari gögn af Breiðafirði því að uppistaða gagnanna frá því svæði séu frá árinu 1950. Til að uppfæra núverandi gögn er meðal annars nauðsynlegt að fá nýjar loft- og gervitunglamyndir af svæðinu.

Tekið var kaffihlé frá kl.12:00 til 12:25.

Mikil umræða átti sér stað um þá möguleika sem eru í stöðunni varðandi skipulagsgerð fyrir Breiðafjarðarsvæðið.

### **Kostnaður við skipulagsgerð og skipting hans**

Ingimar Sigurðsson sagði að kostnaður við gerð aðalskipulags skiptist og að sveitarfélög verði að taka tillit til verndaráætlunar við aðalskipulagsgerð.

Stefán Thors sagðist telja það liggja beinast fyrir að Breiðafjarðarnefnd útfæri verndaráætlunina og að hún verði svo lögð fyrir sveitarfélögin til útfærslu við aðalskipulagsgerð.

Fulltrúar sveitarfélaga tóku til máls og voru sammála um að kostnaður við skipulagsgerð fyrir Breiðafjörð ætti ekki að falla á sveitarfélögin. Gerð aðalskipulags væri viðfangsefni þeirra og því væri eðlilegt að Breiðafjarðarnefnd tæki saman leiðsögn um skipulags-gerðina. Einnig kom fram að miklu máli skipti hvaða leiðir verði farnar þegar kostnaður er ræddur og hvernig hann skiptist.

### **Aðkoma sveitarstjórna að sameiginlegu svæðisskipulagi**

Haraldur L. Haraldsson tók til máls og sagði formann hafa farið þess á leit við sig að hefja máls á þessu umræðuefni. Hann sagði að skipulagsmistök geti haft alvarlegar afleiðingar og sagði nauðsynlegt að skipulag liggja fyrir þegar unnið er að framkvæmdum.

Mikil umræða var um málið og voru fundarmenn á því að svæðisskipulag ætti ekki endilega við í þessu tilfalli, en Ingimar Sigurðsson sagðist vera þeirrar skoðunar að hægt sé að sameina þann þátt er snýr að verndaráætluninni og gerð aðalskipulags. Stefán Thors sagðist sjá það fyrir sér að Breiðafjarðarnefnd marki stefnuna og sveitarfélögin taki hana inn í aðalskipulag.

Umræða átti sér stað varðandi vald nefndarinnar og ítrekuðu nefndarmenn að þær ákvarðanir sem Breiðafjarðarnefnd tekur eru kærarlegar til umhverfisráðherra, þar sem nefndin heyrir undir umhverfisráðuneytið og að í nefndinni sitji fulltrúar skipaðir af héraðsnefndum og standi þeir vörð um hagsmuni sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Þá tóku nefndarmenn það sérstaklega fram að friðlýsing á svæði getur ekki átt sér stað nema að fengnu samþykki landeigenda og sveitarstjórna.

Magnús Guðmundsson vék að kafla í verndaráætluninni þar sem fram kemur að Breiðafjarðarnefnd eigi engin kort af svæðinu og afhenti hann Breiðafjarðarnefnd til eignar þau kort sem hann og Eydis Líndal höfðu meðferðis. Hann þakkaði fyrir fundinn og vék af fundi ásamt Eydísí kl. 13:35.

Ingimar Sigurðsson sagði frá því að búið væri að samþykkja lög um Umhverfisstofnun. Hann sagði að ákveðið hafi verið að öll stjórnsýsla á náttúruverndarsviði yrði í höndum þeirrar stofnunar og það kallaði á breytingar á 2. og 3. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd verður ráðgjafandi aðili fyrir Umhverfisstofnun á vegum stjórnsýslu á svæðinu.. Umhverfisstofnun mun taka til starfa 1. janúar nk.

### **Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar**

Ævar Petersen tók til máls og sagði lögsögu Breiðafjarðarnefndar óljósa, en hún náði til fjöru og þurfi að skilgreina betur. Þá sagði hann einnig hafa verið vandræði með mörkin út til sjávarins. Hann sagði verndarsvæði Breiðafjarðar mikilvægt vegna sjávarins og sagði sérkennilegt að innan laganna sé bara hluti af þessu svæði. Þá hafi það komið upp að varðandi þjóðminjar væri ekki nægjanlegt að hafa mörkin um fjöru, heldur þyrftu þau að ná inn til landsins, þar sem sjávarminjarnar væru í landi, s.s. varir, hlaðnir garðar, sjávarhús o.fl. Á alþjóðlega vísu hafi verið talað um jafnvel 300 metra inn í land í línu frá sjónum. Því sé ljóst að skilgreina þurfi mörk verndarsvæðisins betur en gert hafi verið.

Fulltrúar sveitarstjórna áréttuðu að ef Breiðafjarðarnefnd fær mörkin skilgreind upp úr fjörunni verði þéttbýli að vera undanskilið.

Ákveðið var að taka fyrir næsta dagskrárlið og klára umræðu um mörk verndarsvæðisins eftir það.

### **Breiðafjörður “Eitt af framtíðar rannsóknarsvæðum Evrópu”**

Jörundur Svavarsson sagði frá verkefninu BIOMARE, sem stutt er af Evrópusambandinu og gengur út á að koma á laggirnar neti staða vegna langtíma rannsókna á fjölbreytileika lífríkis í sjó við Evrópu. Gefin verður út bók, sem dreift verður um Evrópu, með kynningum á öllum þeim stöðum sem fyrir valinu verða, u.þ.b. 32 aðalsvæði og er Breiðafjörður eitt þeirra, enda með mikla sérstöðu innan Íslands og hefði örugglega aldrei verið samþykktur nema fyrir það að hann er verndaður með lögum. Hvert þessara svæða fær 2 bls. til kynningar í bókinni, en u.þ.b. 100 önnur svæði, sem valin hafa verið til viðmiðunar, fá eina bls. hvert.

Heimasíða verkefnisins er <http://www.pml.ac.uk/biomare/>

Óli Jón Gunnarsson og Kristinn Jónasson þurftu að víkja frá kl. 14:35, þar sem þeir þurftu að sækja fund í Reykjavík.

Jörundur svaraði fyrirspurnum frá fundarmönnum.

Þórólfur Halldórsson óskaði eftir því við Jörund að hann leiðbeini Breiðafjarðarnefnd við að fylgja málinu eftir.

### **Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar, framh.**

Rædd voru mörk verndarsvæðisins og hvernig skilgreina ætti fjöru.

Vikið var að Umhverfisstofnun og ræddar hugsanlegar breytingar sem verða kunna á starfsemi Breiðafjarðarnefndar eftir 1. janúar 2003. Ingimar Sigurðsson sagði að tilkoma Umhverfisstofnunar ætti ekki að veikja starfsemi Breiðafjarðarnefndar. Hann ítrekaði að breyta þurfi hluta af 2. og 3. mgr. í 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar, en stjórnýsla muni verða í höndum Umhverfisstofnunar ef menn vilja fara í framkvæmdir á þeim stöðum sem ekki er svæðisskipulag og að Breiðafjarðarnefnd verði álitsefandi.

Rætt var samstarf sveitarstjórna og Breiðafjarðarnefndar í framtíðinni og fundarmenn voru sammála um að gott samstarf væri nauðsynlegt. Fulltrúar sveitarfélaga óskuðu sérstaklega eftir að fá að vera með í umræðunni um framhaldið.

Ingimar Sigurðsson þakkaði fyrir fundinn og sagði að sér heyrðist á fundarmönnum að menn væru nokkuð sammála um framhaldið.

Stefán Thors þakkaði fyrir fundinn og lýsti því yfir að Skipulagsstofnun væri reiðubúin til samstarfs um framhaldið.

**Fundarmenn þökkðu fyrir sig.  
Friðjón sleit fundi kl. 15:30**

Breiðafjarðarnefnd fundaði í framhaldinu og ræddi fjármál nefndarinnar og ýmis málefni sem fram komu á fundinum.

**Niðurstæða:** Ákveðið var að formaður og varaformaður vinni úr málunum og kalli til liðs við sig nefndarmenn eftir þörfum. Þá var ákveðið að skrifa bréf til Landmælinga Íslands og biðja um að vinnslu við kortagerð á Breiðafirði verði hraðað. Friðjón tók að sér að tala við Gísla Gíslason landslagsarkitekt og fara þess á leit við hann að taka niður punkta um skipulagsgerðina.

**Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar ákveðinn síðar.**

**36. fundur Breiðafjarðarnefndar,**  
**haldinn 21. nóvember 2002, kl. 11:00 til 14:55 í Náttúrustofu Vesturlands,**  
**Stykkishólmi.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson og Jóhannes Geir Gíslason.

*Fundarritari:* Sigríður Elisdóttir.

Friðjón setti fundinn kl. 11:00.

## **DAGSKRÁ FUNDARINS**

### **Fundargerðir 34. og 35. fundar**

Lesnar voru upp fundargerðir 34. og 35. fundar, og samþykktu nefndarmenn þær fyrir sitt leyti með smávægilegum lagfæringum. Ákveðið var að senda gestum fundanna fundargerðirnar til samþykkis.

### **Breiðafjarðarnefnd, hlutverk hennar og ýmis framtíðarmál**

Dreift var til nefndarmanna á síðasta fundi samantekt ÆP um Breiðafjarðarnefnd, hlutverk hennar og ýmis framtíðarmál. Hann setti plaggið fram á sínum tíma þar sem óljóst var talið hvert hlutverk nefndarinnar væri eftir tilkomu Umhverfisstofnunar. Hann reifaði innihald plaggsins.

Guðríður benti á að misvísandi upplýsingar væru gefnar þegar verið væri að kynna Umhverfisstofnun og nefndi dæmi þar sem fram hafi komið á kynningu að eftir 1. janúar yrði m.a. ekki til nein Breiðafjarðarnefnd.

Tekið var kaffihlé frá kl. 12:00 til 12:15.

Rætt var um undirbúning að skipulagsgerð fyrir Breiðafjörð og með hvaða hætti hann verði unninn. Fram kom að viðsnúningur hafi verið hjá fulltrúa umhverfissráðuneytisins frá 34. fundi til 35. fundar um að hverfa frá gerð sérstaks svæðisskipulags fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar en gera þess í stað aðalskipulag og einnig það hvernig standa eigi straum af kostnaði við skipulagsgerðina. Þá kom fram að nefndin sækir um fjármagn upp á 5 millj. kr. á fjárlögum til að geta hafið undirbúningsvinnu.

**Afgreiðsla:** Friðjón tók að sér að ræða við Gísla Gíslason landslagsarkitekt, og óska eftir því að hann kasti fram hugmynd um kostnað við gerð aðalskipulags fyrir verndarsvæðið. Framhaldið ráðist síðan af því hvort nefndin fái fyrrgreinda fjárhæð til undirbúningsvinnu.

### **Fjármál Breiðafjarðarnefndar**

Friðjón sagði frá því að hann og Guðríður hafi gengið frá bréfi og sent til umhverfissráðherra, þar sem óskað er eftir því að nefndinni verði úthlutað á fjárlögum 2003, 3.7 millj. kr. í fastan rekstrarkostnað, 4 millj. kr. til verkefna, 5 millj. kr. vegna skipulagsvinnu og 580 þús. kr. til leiðréttingar vegna greiðslna umfram fjárveitingu ársins 2001, alls tæplega 13.3 millj. kr. Þá sagði hann frá fundi sínum með fjárlaganefnd



Alþingis, en þar afhenti hann afrit af bréfinu til umhverfisráðherra og fylgdi því eftir með bréfi til fjárlaganefndar.

Fjárförf nefndarinnar var rædd. Þá kom fram að alltaf sé möguleiki að sækja um styrki til sérstakra verkefna.

**Afgreiðsla:** Friðjón tók að sér að ræða við menntamálaráðherra og þingmenn kjördæmisins um fjármál nefndarinnar.

### **Ósk forstöðumanns NSV um að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúi**

Rædd var ósk Róberts Arnars Stefánssonar, forstöðumanns Náttúrustofu Vesturlands, frá 33. fundi Breiðafjarðarnefndar, um að fá að sitja fundi nefndarinnar.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að hafna óskinni á sömu forsendum og ósk forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða var hafnað á fundi nefndarinnar 29. september 2000, þ.e. að Náttúrustofurnar á Vesturlandi og Vestfjörðum eiga, ásamt Náttúrufræðistofnun Íslands, fulltrúa í nefndinni og einn til vara. Nefndin mun boða forstöðumenn Náttúrustofanna og aðra sérstaklega til fundar ef þurfa þykir.

### **Rannsóknir/starfsemi á verndarsvæði Breiðafjarðar árin 2002 og 2003**

Breiðafjarðarnefnd sendi erindi til stofnana, dags. 10. júní og 11. sept sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum um það, hvort þær vinni að rannsóknum og/eða séu með starfsemi á verndarsvæði Breiðafjarðar árin 2002 og 2003.

Auk þeirra svarbréfa sem þegar hafa verið lögð fram hafa borist svarbréf frá Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 10. sept. 2002, Örnefnastofnun Íslands, dags. 7. okt. 2002, Húsafríðunarnefnd ríkisins, dags. 2. okt. 2002, Vegagerðinni, dags. 10. okt. 2002, Þörungaverksmiðjunni, dags. 10. okt. 2002, Hollustuvernd ríkisins, dags. 21. október 2002, Háskóla Íslands, dags. 29. október 2002, Fornleifastofnun Íslands, 12. nóvember 2002.

**Afgreiðsla:** Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við svarbréfin, nema bréf Vegagerðarinnar þar sem upplýsingar vantar um vegagerð í Vestfjarðaumdæmi. Ákveðið var að senda bréf til Vegagerðarinnar á Ísafirði. Einnig var ákveðið að skrifa Þörungaverksmiðjunni og fá nánari útskýringar á því hvað felist í vottun fyrirtækisins og óska eftir þeim skýrslum sem vitnað er til, í svarbréfinu. Þá var ákveðið að ítreka fyrirspurn til Hafrannsóknastofnunarinnar í Ólafsvík um það hvort, og þá hvaða, fleiri rannsóknir séu í gangi á verndarsvæði Breiðafjarðar.

### **Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð**

Breiðafjarðarnefnd sendi erindi 7. mars 2002, til sveitarfélaga við Breiðafjörð, þar sem kannaður var áhugi þeirra á sameiginlegu svæðisskipulagi.

Auk þeirra svarbréfa sem þegar hafa verið lögð fram hefur borist svarbréf frá Vesturbyggð, dags. 16. okt. 2002, þar sem fram kemur að bæjarráð Vesturbyggðar hafi ekki áhuga á gerð svæðisskipulags Breiðafjarðar þar sem búast megi við að slíkt svæðisskipulag muni þyngja stjórnsýslu.

**Afgreiðsla:** Skv. fundargerð 35. fundar er gerð svæðisskipulags ekki lengur inni í myndinni og gerð aðalskipulags talinn raunhæfari kostur, voru því ekki gerðar athugasemdir við svarbréfið.

### **Reglugerð um verndun náttúruminja**

Breiðafjarðarnefnd óskaði, með erindi dags. 23. September 2002, eftir upplýsingum um gerð reglugerðar um verndun náttúruminja í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar.

Svarbréf barst frá umhverfisráðuneytinu, dags. 21. okt. 2002, þar sem fram kemur að málið sé til athugunar í ráðuneytinu.

**Afgreiðsla:** Svarbréfið var rætt, en ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við það.

### **Karlsey**

Breiðafjarðarnefnd óskaði, með erindi dags. 7. ágúst 2002, eftir því að umhverfisráðuneytið skeri úr um það hvort líta beri á Karlsey sem eyju eða ekki skv. lögnum um vernd Breiðafjarðar. Nefndinni barst svarbréf frá umhverfisráðuneytinu, dags. 22. okt. 2002, þar sem fram kemur að ráðuneytið telji ekki orka tvímælis að Karlsey sé innan marka laganna.

**Afgreiðsla:** Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við svarbréfið.

### **Umhverfisstofnun**

Breiðafjarðarnefnd óskaði, með bréfi 21. október 2002, eftir því að ráðuneytið upplýsi nefndina um það hvort einhverra breytinga sé að vænta á starfsemi nefndarinnar 1. janúar nk. þegar Umhverfisstofnun tekur til starfa.

Svarbréf barst frá umhverfisráðuneytinu, dags. 11. nóv 2002, þar sem fram kemur að þær breytingar sem lagðar eru til og kynntar voru nefndinni formlega á fundi í síðasta mánuði, lúta að því að breyting verði gerð á lögum nr. 54/1995, þannig að það verði hlutverk Umhverfisstofnunar skv. 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar að veita leyfi til framkvæmda þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir eða þær séu nauðsynlegar og eðlilegar vegna búskapar á lögbýlum. Að öðru leyti eru ekki lagðar til breytingar á starfsemi Breiðafjarðarnefndar og ráðuneytið lítur svo á að þessi breyting hafi engin áhrif á starfsemi nefndarinnar enda mun nefndin eftir sem áður fjalla um slíkar beiðnir áður en leyfið er veitt. Þá kom fram að þetta muni í engu breyta þjónustusamningi við Náttúrustofu Vesturlands.

**Afgreiðsla:** Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við bréfið, annað en að bent var á að framangreind breyting hefði lítil áhrif á störf Breiðafjarðarnefndar.

## **Önnur mál**

### **Hverfisvernd í Flatey**

Magnús sagði frá því að óska þurfi eftir hugmyndum fólksins í Flatey um hvernig ætti að varðveita gömlu þorpsmyndina. Minnt var á nauðsyn þess að hafa jafnframt gott samráð við sveitarstjórn Reykhólahrepps hér að lútandi.

**Afgreiðsla:** Ævar og Guðríður tóku að sér að ræða við Framfarafélagið í Flatey um þeirra hugmyndir.

### **Rannsóknir/starfsemi á Breiðafirði 2002-2003**

Í ljósi þess að flestar þær stofnanir sem fengu erindi frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 10. júní og 11. september sl., þar sem óskað var eftir upplýsingum um það, hvort þær stundi rannsóknir og/eða séu með starfsemi á verndarsvæðinu árin 2002 og 2003, hafa svarað erindunum, var rætt um framhaldið og að fylgja þurfi málinu eftir. Margar stofnanir lýstu í svarbréfum sínum yfir vilja til samstarfs við nefndina og var rætt hvernig hefja megi slíkt samstarf. Fram kom að Breiðafjarðarnefnd hafi óskað eftir fjármagni til ýmissa verkefna og ef það fjármagn fengist gæti nefndin

farið af stað með verkefni í samvinnu við þær stofnanir sem eru á því sviði sem fengist væri við hverju sinni.

#### **Samstarf um verndun lífríkis**

Ævar sagði frá því að hann hafi í mörg ár tekið þátt í samstarfi þjóða á norðurhveli varðandi verndun lífríkis. Samstarfið sé 10 ára og af því tilefni hafi verið gefin út bókin “Arctic Flora and Fauna - Status and conservation”, en í henni fjalli m.a. einn kafli um teistu í Breiðafirði. Ævar afhenti nefndarmönnum eintak af bókinni til eignar. Þá afhenti hann nefndarmönnum samantekt sem unnin var fyrir CAFF og ber heitið “Protected areas of the Arctic”, en þar er Breiðafjörður tekinn sem dæmi um verndun í löndunum á norðurhveli.

**Formaður sleit fundi kl. 14:55**

**Næsti fundur ákveðinn síðar.**